DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2614 Síðan 1968 54. árgangur

Miðvikudagur 8. sept. 2021

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Skaftá hleypur fram

Skaftárhlaup úr vestari Skaftárkatli. Myndina tók Jónas Erlendsson, bóndi í Fagradal.

Hlaup varð úr vestari Skaftárkatli í byrjun september og náði hámarki þann 2. september sl. Hlaup úr vestari katlinum eru jafnan minni en úr þeim eystri. Í kjölfarið fylgdust sérfræðingar Veðurstofunnar vel með þeim eystri. Þegar þetta er skrifað er jökulhlaup um það bil að koma undan jökli og mun ná niður að þjóðvegi 1 undir kvöld, mánudaginn 6. september. Mikið vatn er í ám á svæðinu og líklegt að Skaftáin verði mjög vatnsmikil. Þá þarf að vara sig á gasmengun sem fylgt getur Skaftárhlaupum. Hættustig almannavarna hefur verið virkjað. Síðast hljóp úr eystri Skaftárkatli 2018, en hámarksrennsli það ár varð 2000 m3/sek. Það er um fjórfalt meira en hámarksrennsli í hlaupinu úr vestari Skaftárkatli sem var að ljúka. Útlit er fyrir að hlaupið verði að svipaðri stærðargráðu og það sem varð 2018. Talið er að hlaupið verði í hámarki á miðvikudag. *-gpp*

Hjúkrunarheimilið verður rekið af Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Málefni hjúkrunarheimilisins við Árveg á Selfossi hafa verið að skýrast undanfarið, en mikið hefur verið leitað til blaðsins með svör um það hver hyggist reka heimilið. Við höfðum samband við Díönu Óskarsdóttur, forstjóra HSU og spurðum út í málið. Áður kom fram hjá Sveitarfélaginu Árborg að sveitarfélagið hyggðist ekki reka heimilið. „Í ljósi ákvörðunar Sveitarfélagsins Árborgar hefur heilbrigðisráðherra falið HSU rekstur hins nýja hjúkrunarheimilis,“ segir Díana. Aðspurð um hvernær von sé á að heimilið opni dyrnar segir Díana: Það liggur ekki alveg fyrir hvernær hjúkrunarheimilið opnar en vonandi næst það fyrri part næsta árs.“ Þá segir Díana jafnframt að verkefnið leggist vel í starfsfólk HSU og stofnunin sjái mörg tækifæri sem þau vilji nýta í tengslum við reksturinn.

Mikið lagt upp úr því að skapa gott umhverfi

Hjúkrunarheimilið tekur sífellt á sig betri mynd og þykir óvenjulegt en fallegt. „Ég get tekið undir það að húsnæðið mun henta starfseminni afar vel og kemur til með að vera glæsilegt í alla staði. Á heimilinu er ætlunin að gera íbúum kleift að sinna sem flestum þáttum daglegs lífs þrátt fyrir ýmsa aldurskvilla. Við munum leggja mikið upp úr því að skapa heimilislegt og gott umhverfi fyrir heimilisfólkið. Áhersla verður lögð á faglegan metnað og faglega þekkingu,“ segir Díana að lokum. *-gpp*

Sigurður Ingi og Bergþóra klipptu á borðann og opnuðu þar með Reykjaveg formlega með góðri aðstoð Ellu Sóleyjar Grétarsdóttur frá Syðri-Reykjum.

Reykjavegur í Bláskógabyggð vígður

Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra og Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar opnuðu formlega Reykjaveg, 2. september sl., eftir gagngerar endurbætur. Vegurinn, sem er 8 km langur, er mikilvæg tenging innan Bláskógabyggðar en vegurinn tengir saman Biskupstungnabraut og Laugarvatnsveg og er gjörbylting á samgöngum á milli þéttbýlisstaðanna Reykholts og Laugarvatns. Í samtali við Dagskrána sagði Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar, að um mikla og góða samgöngubót væri að ræða sem lengi hafi verið barist fyrir. „Vegurinn tengir sveitarfélagið saman og eykur umferðaröryggi allra sem um veginn fara. Vegurinn er mikil samgöngubót sem mun gjörbreyta samgöngum innan Bláskógabyggðar og í uppsveitunum. Með þessum nýja vegi opnast ýmsir möguleikar til enn frekari eflingar á uppbyggingu í sveitarfélaginu,“ sagði Helgi.

Sigurður Ingi Jóhannsson lagði áherslu á mikilvægi samgangna innan sveitar. „Markmiðið með nýjum vegi er að stytta vegalengdir og efla samgöngur fyrir íbúa og ferðafólk í uppsveitum Árnessýslu, en ekki síður að auka umferðaröryggi með því að leggja veg með bundnu slitlagi sem uppfyllir nútíma hönnunar- og öryggiskröfur.“ *-gpp*

ÖLFUS

Kjörskrá vegna alþingiskosninganna 25. september 2021

Kjörskrá fyrir Sveitarfélagið Ölfus vegna alþingiskosninganna 25. september 2021 mun liggja frammi á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss að Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn frá og með 10. september til kjördags á opnunartíma skrifstofunnar frá kl. 9:00-12:00 og 13:00-16:00 alla virka daga.

Þá er bent á upplýsingavef innanríkisráðuneytisins www.kosning.is en þar er að finna hagnýtar upplýsingar um framkvæmd kosninganna. Þar geta kjósendur einnig kannað hvar þeir eru á kjörskrá.

Sveitarfélagið Ölfus

Framlagning kjörskrár fyrir Bláskógabyggð vegna kosninga til Alþingis 25. september 2021

Kjörskrá, vegna kosninga til Alþingis 25. september 2021 verður lögð fram þann 10. september 2021, kjörskráin liggur frammi á skrifstofu Bláskógabyggðar öllum almenningi til sýnis á almennum skrifstofutíma. Almennur skrifstofutími er frá mánudegi til fimmtudags kl. 8:30 til 16:00 og á föstudögum frá kl. 8:30 til 12:30.

Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Einnig er hægt að nálgast upplýsingar með því að skrá eftirfarandi slóð: https://www.skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/ og fá upplýsingar um hvar viðkomandi er á kjörskrá.

Frískir Flóamenn og vetrarstarfið

Nú eru æfingar með þjálfara hafnar hjá Frískum Flóamönnum. Sigmundur Stefánsson mun sjá um þær í vetur eins og undanfarin ár. Æfingar eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:15 og á laugardögum kl. 10 og hefjast þær við Sundhöll Selfoss. Æfingar eru opnar fyrir alla og ekki þarf að skrá sig. Æfingarnar eru án gjalds þar sem hópurinn aflar fjár með vinnu við Laugavegshlaupið sem fer fram í júlí ár hvert. Hlauparar sem vilja og geta sinna sjálfboðastarfi fyrir hlaupahópinn með vinnu í Laugavegshlaupinu en um 40 starfsmenn frá Frískum Flóamönnum sinna brautarvörslu og þjónusta hlaupara í hlaupinu. Þann 17. júlí sl. tóku tæplega 700 hlauparar þátt í Laugavegshlaupinu. Þar á meðal voru fjórir Frískir Flóamenn, sem öll stóðu sig með prýði.

Næsta verkefni er Fríska Sólheimahlaupið en það fer fram laugardaginn 25. september nk. Þá heimsækjum við heimilismenn á Sólheimum og hlaupum með þeim frá Borg að Sólheimum, um 9 km. Þá verður einnig afhentur framfarabikar til þess íbúa á Sólheimum sem hefur sýnt mestar hreyfiframfarir á sl. ári. Þetta hlaup hefur verið haldið í september ár hvert í mörg undanfarin ár og tekist mjög vel. Þá eru fyrirhuguð fræðslukvöld, m.a. um nauðsynlegan útbúnað í hlaupum og þá sérstaklega í utanvegahlaupum og ýmislegt fleira.

Æfingar hópsins eru jafnan 45-90 mín. Styttri hlaup eins og bæjarhringir 7-10 km eða hraðaleikir í Hellisskógi á virkum dögum en lengri rólegri skokk á laugardagsmorgnum. Allir velkomnir á æfingar hvort sem þeir er byrjendur eða lengra komnir. Áhugasamir geta sótt um aðgang að FB-síðu hópsins; https://www.facebook.com/groups/135968469810840

Meðfylgjandi mynd var tekin á fyrstu æfingu vetrarins fimmtudaginn 2. september sl.

Nýnemar skírðir upp úr Laugarvatni

Myndina tók skólaljósmyndarinn Ívar Sæland. Fleiri myndir eftir Ívar má sjá á ml.is.

Löng hefð er fyrir skírn nýnema upp úr Laugarvatni á fyrstu vikum skólastarfs ár hvert. Á síðasta skólaári þurfti að seinka skírninni til vorannar vegna Covid en í ár var hægt að halda hefðinni og halda sóttvarnir. Það voru því kátir ML-ingar sem héldu í gleðigöngu sl. föstudag og vígðu fyrsta árs nema inn í skólasamfélag ML. Að vanda fylgdi Hvítbláinn, skólafáni ML hópnum. Hlýtt var í veðri þennan dag, en hellirigning þannig að nemendur urðu vel votir áður en í vatnið var farið.

Athugið að myndin er samsett og að sóttvarnareglur voru virtar. Sprittum saman.

Nýtt leiðbeiningarit um endurheimt votlendis

Landgræðslan gaf nýverið út leiðbeiningarit sem er ætlað að upplýsa verktaka, landeigendur og aðra áhugasama um þau atriði sem ber að hafa í huga við endurheimt votlendis.

Algengur misskilningur er að við endurheimt votlendis í framræstu landi dugi að „moka ofan í skurðina“ en því fer fjarri. Í endurheimtarferli þarf að taka tillit til margra ólíka þátta til að aðgerðir heppnist sem best og skili tilætluðum árangri. M.a. þarf að kanna halla lands og vatnsmagn, velja sem hentugastan framkvæmdatíma með tilliti til vatnsstöðu og ekki má ráðast í framkvæmdir á varptíma fugla. Einnig skal notast við tækjakost sem veldur sem minnstu raski og huga vel að öryggismálum.

Mikið verk óunnið

Endurheimt votlendis er mikilvægur þáttur sóknaráætlunar Íslands í loftslagsmálum og hefur Landgræðslan umsjón með þeim málaflokki. Heildarlengd skurða á landinu vegna framræsingar lands er gríðarleg eða um 33.000 km og þekja þeir um 2.550 km² að flatarmáli. Til samanburðar má nefna að lengd hringvegarins 1.332 km og þyrfti því að keyra hringveginn 25 sinnum til að ná lengd skurðanna.

Loftslagsáhrif framræsts lands eru líklega einn stærsti þátturinn í losun kolefnis á Íslandi, áætlað er að um 70% af losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum hér á landi sé frá framræstu votlendi.

Ein skilvirkasta leiðin til að stöðva losun kolefnis frá landi er endurheimt votlendis og er því til mikils að vinna fyrir loftslagsbúskap Íslands að gera þar enn betur en nú hefur verið gert. Skilningur hefur aukist á mikilvægi þessa síðustu ár bæði hjá landeigendum og sveitarstjórnum sem spila lykilhlutverk þegar kemur að ákvarðanatöku um endurheimt. En betur má ef duga skal og það er von Landgræðslunnar að upplýsingaritið hjálpi ennfrekar til að uppfræða og vekja áhuga á þessum mikilvæga málaflokki. Ritið má nálgast á vefsíðu Landgræðslunnar, land.is.

-gpp

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er **Elín Hjartardóttir Stolzenwald.**

Mikið þakka ég honum Gústa frænda fyrir þessa skemmtilegu áskorun. Þar sem ég elska villibráð og gæsaveiðitímabilið hafið. Finnst mér vel við hæfi að deila með ykkur svona mínu uppáhalds, uppskriftir sem maður hefur séð á samfélagsmiðlum og fundið á netinu. Þessi uppskrift er dásamlega góð af gæsabollum.

Gæsabollur
120 g laukur
150 g sveppir
550 g gæsahakk
100 g beikon
120 ml rjómi
50 – 60 g gráðaostur
1 teningur sveppakraftur
3 egg
120 g brauðraspur

Salt og pipar eftir smekk, það er svona ca. dass, eins með timian, sem er svo dámasamlegt krydd á villibráðina.

Smjör á pönnu, byrjaði á að steikja laukinn, skellti svo salti og pipar yfir. Leyfa lauknum aðeins að verða mjúkur áður en sveppunum er bætt við. Látið malla stutta stund á vægum hita og skellið svo dassi af timian yfir. Síðan fer rjóminn, sveppakraftur og gráðaosturinn á pönnuna líka. Gott að láta ostinn alveg bráðna áður en brauðraspurinn fer út í. Hræra þessu öllu saman og kæla.
Hakkaðar gæsabringur, smátt skorið beikon eða bara beikonkurl og 3 egg hrært saman í höndunum að sjálfsögðu. Síðan er allt sett saman og gerðar litlar bollur. Sett á bökunarplötu og inn í ofn á ca. 180° hita með blæstri. Fer eftir stærðinni á bollunum hversu langan tíma þær eru í ofninum; 12 – 20 mín. Sósur eftir smekk hvers og eins.

Grafin gæs er líka í miklu uppáhaldi. Bringurnar hreinsaðar og þerraðar. Lagðar í gróft salt í 3 – 4 klst. sett í kæli. Fer eftir stærð hve lengi. Saltið þerrað af. Kryddblandan og hlutföllinn eru

dass eða mikið, nema ein matskeið sykur en ég nota venjulega hvítan sukrin. Dill er uppáhald og timian, nota mikið af því. Svo er dass af basil, oregano, rósmarin, svörtum pipar og ferskri steinselju. Látið liggja í kæli í þessari kryddblöndu í sólarhring fyrir notkun.

Hef líka grafið rjúpu með þessari kryddblöndu, en hún þarf bara eina klukkustund í grófu salti í kæli. Hvort tveggja borið fram með snittubrauði. Sósan gæti ekki verið einfaldari; hræra saman grískri jógúrt og bláberjasultu.

Ég skora á snillinginn hana **Rebbeku Stéfánsdóttur.** Veit að hún lumar á einhverju ótrúlega góðu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Allt er vænt sem vel er grænt

Fjölbrautaskóli Suðurlands er virkur þátttakandi í verkefninu **Græn skref** en markmið þess er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í opinberum rekstri og efla umhverfisvitund starfsmanna. Þátttakan sjálf er fjármögnuð af umhverfisráðuneytinu en kostnaður hverrar stofnunar felst í því að skipta yfir í umhverfisvænni rekstur sem leiðir að lokum til sparnaðar og minni losunar á CO_2. Verkefnið er kynnt sem einfalt og aðgengilegt á samnefndri vefsíðu og er skipt í sjö flokka. Sá fyrsti nefnist *Miðlun og stjórnun* þar sem meðal annars hugtakið „grænt bókhald“ kemur fyrir. Annar nefnist *Innkaup* sem lýtur að umhverfisvænum innkaupum og lífrænt vottuðum vörum. Samgöngur er þriðji

flokkurinn þar sem boðið er upp á samgöngusamninga við starfsfólk og að bílar gangi fyrir umhverfisvænum orkugjöfum. Rafmagn og húshitun er fjórði flokkurinn og snýst um orkusparnað innanhúss. Fimmti felur í sér markvissa flokkun á sorpi. Sjötti um viðburði og fundi og sá sjöundi og síðasti um eldhús og kaffistofur þar sem draga skal úr matarsóun og nýta betur matvæli úr plönturíkinu.

Karl Hoffritz húsvörður FSu er verkefnastjóri Grænna skrefa en með honum starfar teymi stjórnenda og starfsmanna. Þrjú af þesum fimm skrefum eru þegar í húsi FSu og stefnt að því að ná því fjórða og fimmta fyrir áramót. Nýjasta viðbótin í framlagi FSu til grænna skrefa eru kaup á fullbúnum rafmagnsbíl af Nissan-gerð sem nýtist í margskonar þjónustu meðal annars á hestabraut þar sem nemendum er ekið í Votmúla, til daglegra erinda og á starfsbraut skólans svo eitthvað sé nefnt. Segja má að málsháttur gamla íslenska bændasamfélagsins að allt sé vænt sem vel er grænt hafi tekið sjálfbæra og óbensíndrifna stefnu í Fjölbrautaskóla Suðurlands.

-jöz.

Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Ármann Dalmannsson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Ég á merki allra þjóða uppi að bera.
Stökkmenn oft ég upp get hafið.
Ég er býli úr rústum grafið.

Svar við gátu í blaði 2613: **GRIND**
1. Vatnsburðargrind - 3. Hliðgrind - 3. Beinagrind

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.300 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

SVANSMERKTUR Prentgripur 1041 0858

FULLT STARF Á ÞJÓNUSTUSTÖÐ OLÍS, SELFOSSI

Við leitum að starfsfólki í fullt starf sem felst í almennri afgreiðslu, vörumóttöku og áfyllingu, þrifum, þjónustu við viðskiptavini og öðru tilfallandi.

Hæfniskröfur

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Unnið er á 12 tíma vöktum.
Starfsfólk nýtur góðra afsláttarkjara og styrks til heilsueflingar.

Umsóknir á **olis.is**
Umsóknarfrestur til og með 12. september

Nánari upplýsingar hjá verslunarstjóra.

VIÐ LEITUM AÐ TRAUSTU STARFSFÓLKI

JAFNLAUNAVOTTUN 2019-2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olís
Vinur við veginn

†

Þökkum innilega fyrir auðsýnda samúð, styrk og stuðning vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Sigurðar Magnússonar,
Reyrhaga 2, Selfossi.

Sérstakar þakkir sendum við Björgunarfélagi Árborgar,

Björk Reynisdóttir,
börn, tengdabörn og barnabörn.

Matfugl

Starfsmaður óskast á hænsnabú

Matfugl ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í 60% starf á hænsnabú í Ölfusi.
Starfið hentar duglegum og samviskusömum einstaklingi með reynslu og áhuga á umhirðu dýra.
Nánari upplýsingar í síma 660 8676

Karlakór Hreppamanna er nú að hefja sitt 25. starfsár og 1. árið undir stjórn Atla Guðlaugssonar.

Nýir söngmenn eru boðnir velkomnir á fyrstu æfingar núna í september. Æft er á þriðjudagskvöldum kl. 20: 00 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

Fyrsta æfing er 14. september og eru áhugasamir hvattir til að kíkja í heimsókn, það verður tekið vel á móti ykkur. Félagskapurinn er frábær og lagavalið fjölbreytt og skemmtilegt.

Ég las alltaf þegar ég gat

segir lestrarhesturinn Guðrún Þóranna Jónsdóttir

Guðrún Þóranna Jónsdóttir er uppalin í Blöndudal norður í Húnavatnssýslu en búandi á Selfossi undanfarin 23 ár. Hún ólst upp með sex systkinum, föðurbróður, ömmu og foreldrum þannig að oft var kátt í koti. Hún nældi sér í kennararéttindi og kenndi víða um land en lengst hér á Selfossi, fyrst í Barnaskóla Selfoss á 8. áratugnum og síðast í Vallaskóla.

Guðrún með dætrum sínum Sigríði Dögg og Annýju Björk.

Hvaða bók ertu að lesa núna?
Jakobína: saga skálds og konu, eftir Sigríði Kristínu Þorgrímsdóttur. Jakobína skrifaði góðar bækur – uppáhaldsbókin mín er *Í barndómi* þar sem hún segir frá æsku sinni á ógleymanlegan hátt, rifjar upp minningar og lýsir staðháttum á Vestfjörðum.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?
Ég hef lesið mér til ánægju flestar tegundir bókmennta; skáldsögur, leikrit, ljóð og þulur og smásögur. Síðastnefnda formið þykir mér forvitnilegt og skemmtilegt – góð saga er oft með knöppum stíl, persónusköpun fremur þröng og skilur mann eftir hugsandi og jafnvel leitandi. Góð er eftirfarandi skilgreining: „Smásaga er saga sem segir ekki alla söguna – hún treystir því að þú lesir á milli línanna.“ Smásagan hentar vel í tímaleysi nútímans því þú getur tekið bók og lesið eina smásögu á skammri stundu. Mörg góðskálda okkar, eldri og yngri hafa spreytt sig á smásögunni á bókmenntaferli sínum og gert það mjög vel. Bókmenntasmekkur minn hefur breyst mikið í gegnum árin og er enn að breytast sem er bara skemmtilegt.

Ertu alin upp við bóklestur?
Ég ólst upp á fjölmennu heimili í sveit þar sem bókin var í hávegum höfð og mikið var til af bókum – ekki var svo mikið af íslenskum barnabókum því á þeim tíma voru skáldin frekar að semja fyrir þá fullorðnu. Nefna má þó barnabókahöfundana Stefán Jónsson höfund Hjaltabókanna, Stefán Júlíusson höfund Kára litla og Lappa og Ármann Kr. Einarsson höfund bókanna um Árna í Hraunkoti og nokkuð af þýddum barnabókum. Mikil uppáhaldsbók hjá mér var Sveitin heillar (1945) eftir Enid Blyton sem skrifaði Ævintýrabækurnar og fleiri bókaflokka. Hún segir frá systkinum frá London sem fá að fara í sveit og kynnast manni sem var nokkurs konar útilegumaður sem bjó í skógi og umgekkst aðallega villt dýr – í þessari bók var mikill fróðleikur um dýrin og þeirra lifnaðarhætti ásamt því að vera spennandi. Þjóðsögur Jóns Árnasonar voru í miklu uppáhaldi hjá mér og velti ég fyrir mér í dag hvernig ég fór að með þær bækur sem voru stórar og þungar og í tveim bindum þegar ég var 7 - 9 ára, en ég las alltaf þegar ég gat, sat með bækur hvar sem ég gat - meira að segja í gluggunum á bak við gardínurnar til að ná í birtuna þegar fór að skyggja. Fullorðna fólkið sagði að ég mætti ekki lesa þannig því þá dapraðist sjónin – en ég tók frekar lítið mark á því.

Þú segir að það hafi verið mikið til af bókum á heimilinu?
Já, svo sannarlega. Fleiri en einn veggur á æskuheimili mínu var klæddur bókum. Mikið var ég ánægð þegar ég gat sjálf farið að lesa. Föðurbróðir minn sem var blindur var með burstagerð uppi á lofti og ég sat oft hjá honum og las og hann sagði mér til. Um jólin komu ævinlega margar bækur á heimilið og margar þeirra voru lesnar upphátt þar sem föðurbróðir minn þurfti að fá að njóta bókanna með okkur. Við systkinin lásum stundum upphátt í stofunni heima fyrir fólkið en oftast var það faðir minn sem las.

En lestrarvenjur? Eitthvað um þær að segja?
Í dag er það þannig að ég tek áhugaverða bók og set á náttborðið og les nokkrar blaðsíður á kvöldi og er lengi með bókina en ef ég rekst á spennandi og skemmtilega skáldsögu þá les ég hana á nokkrum klukkutímum en sú gamla fær að bíða enn á náttborðinu.

Áttu þér uppáhaldshöfunda?
Ég hef átt marga uppáhaldshöfunda í gegnum árin. Ég nefni hér ljóðskáldin Stein Steinarr og Davíð Stefánsson. Elínborg Lárusdóttir skáldkona var fædd í Skagafirði, hún var uppi á fyrri hluta síðustu aldar og skrifaði um 30 bækur. Hún skrifaði meðal annars um stétt manna sem er týnd í dag, förumennina sem flökkuðu á milli bæja og jafnvel landshluta, bækur hennar um förumennina er fróðleg og forvitnileg. Jón Trausti – bókin hans *Sögur frá Skaftáreldum* er sérlega áhugaverð en hún er söguleg skáldsaga. Einnig nefni ég hér höfuðskáldið okkar Halldór Laxness, nútímaskáldin Guðrúnu Evu Mínervudóttur og Gyrði Elíasson sem skrifa magnaða og ljóðræna texta. Á seinni árum hef ég uppgötvað hvað það er gaman að lesa með öðrum og ræða um bókina, persónurnar og höfundinn. Þannig fór ég að meta Þórberg Þórðarson, Jón Kalmann og fleiri. Svo langar mig að bæta við einni ósk að nemendur í efri bekkjum grunnskóla fái miklu öflugri kynningu á bókmenntum okkar Íslendinga. Það má minnka málfræðikennslu sem því nemur. Þegar vandaður texti er lesinn þá þjálfar það gott málfar lesandans, beygingu orða og stafsetningu. Við eigum frábæra íslenska höfunda sem við eigum að kynna fyrir ungum Íslendingum.

Hefur bók einhverntíma rænt þig svefni?
Já, það hefur oft komið fyrir að ég er að lesa svo spennandi bók að ég les án afláts og hugsa ekkert um morgundaginn – en hann kemur alltaf.

En að lokum, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?
Ég held að ég myndi glíma við smásöguformið og / eða barnabók. Fjölbreytni í útgáfu á barnabókum hefur aukist mikið og er gaman að fylgjast með henni og þekki ég nokkur börn sem lesa mikið og gleyma sér við lestur.

XF

Brjótum múra
bætum þjónustu!

Flokkur fólksins krefst þess að yfirvöld hætti strax að veikja heilbrigðisþjónustuna á landsbyggðinni.

- **Nýtum fullbúnar skurðstofur!**
- **Leyfum konum að fæða í heimabyggð!**
- **Burt með biðlista!**

Flokkur Fólksins

Settu X við F - fyrir þína framtíð!

Austurvegur 55-57, Selfossi

ÞJÁR ÍBÚÐIR EFTIR

OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 9. SEPTEMBER KL. 17:00-18:00

Nýjar og glæsilegar íbúðir fyrir 55 ára og eldri í 27 íbúða húsi á góðum stað á Selfossi.

- 3ja herbergja íbúðir.
- Allar innréttingar eru sérsmíðaðar frá Selós og er allt efni innréttinganna úr vönduðu melamín efni.
- Íbúðum verður skilað fullbúnum án gólfefna þó verður gólfum á baðherbergjum og þvottahúsum skilað flísalögðum.
- Bílastæði í bílageymslu.
- Allar íbúðir eru með svalir sem eru með glersvalalokun af gerðinni Lumon frá Áli og gleri.
- Lóðin skilast fullfrágengin.
- Byggingaraðili hússins er Jáverk.

Íbúð 109	**108,1 m²**	**Verð 61.900.000**
Íbúð 201	**105,5 m²**	**Verð 62.500.000**
Íbúð 303	**88,4 m²**	**Verð 53.900.000**

LÖGMENN SUÐURLANDI

Ökuland tekur nýjan kennslubíl í notkun

Ökuskólinn Ökuland, hefur tekið í notkun nýjan og glæsilegan kennsluvörubíl. Bíllinn er af gerðinni Mercedes Benz Actros 1845. Þyngd ökutækisins er 11900 kg. Leyfð heildarþyngd er 18000 kg. Í forsvari fyrir Ökuland eru Guðni Sveinn Theodórsson og Dýrfinna Sigurjónsdóttir ökukennarar. Við slógum á þráðinn til Guðna Sveins, sem sést hefur á ferðinni með meiraprófsnemendur á nýja bílnum um Suðurland og víðar.

Hæstánægður með kennslubílinn

„Það er vissulega framþróun í ökutækjum af þessari stærðargráðu eins og smærri ökutækjum. Við í Ökulandi höfum að markmiði að bjóða nemendum okkar upp á það nýjasta og besta sem er í boði á hverjum tíma," segir Guðni Sveinn í samtali við blaðið. Bíllinn uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til kennslutækja af þessari tegund og Guðni Sveinn segir að allur helsti búnaður sé í bílnum sem nauðsynlegt sé að kunna á þegar komið er út í umferðina og á vinnumarkaðinn að námi loknu. „Svona tæki hafa sérhæfðan búnað, mótorbremsur, loftpúða, svokallaðan retarder og fleira sem nemendur læra á í kennslunni. Þá skiptir máli að útsýni úr bílnum sé gott og hann tiltölulega lipur í akstri, en þessi atriði eru til staðar í nýja bílnum."

Mikill uppgangur í kennslunni

Aðspurður um hvort ekki sé mikið að gera í kennslunni á uppbyggingartímum segir Guðni: „Jú, við höfum ekki farið varhluta af því að bílstjóra vanti til vinnu í þeim framkvæmdum sem liggja fyrir á svæðinu. Það þarf að flytja efni og vörur til og frá." Guðni Sveinn hefur langa reynslu sem kennari á stærri ökutæki og við spyrjum hvað sé helst sem hann leggi áherslu á að nemendur viti þegar út í umferðina er komið. „Það er auðvitað afskaplega margt sem þarf að hafa á hreinu þegar ekið er stórum og smáum ökutækjum. Fyrst þarf að koma til góð þekking á ökutækinu sjálfu og auðvitað umferðarreglum sem um það gilda og almennt. Því er svo *að bæta við* að nemendur þurfa að hafa haldgóða þekkingu á því hvernig skal ganga frá farmi á þeim ökutækjum sem þeir kunna að aka í framtíðinni. Þetta er allt saman hluti af námskránni fyrir aukin ökuréttindi og yfir þetta förum við rækilega," segir Guðni Sveinn.

Kröfur til bílstjóra stærri ökutækja meiri

Við ræðum um hvernig starfsaðstæður bílstjóra hafa breyst á umliðnum árum. „Það er vissulega svo að öll lagaumgjörð og þær reglur sem um akstur svona tækja gilda hafa tekið breytingum. Það hafa aukist kröfur til bæði búnaðar og kunnáttu. Þá fara atvinnubílstjórar í endurmenntun með vissu millibili. Við hjá Ökulandi höfum sinnt endurmenntun atvinnubílstjóra og höfum boðið hefðbundin námskeið sem hafa nú að mestu færst úr stofu yfir á netið. Við erum líka mjög meðvituð um að það þarf að auka vægi verklegrar endurmenntunar og þar býður nýi bíllinn upp á mikla möguleika. Þetta er komið til að vera og svona kröfur fara vaxandi frekar en hitt," segir Guðni Sveinn að lokum. -gpp

Umferðaröryggi til og frá skóla

Á landinu eru um 4.500 börn að hefja sína fyrstu skólagöngu og verða þar með virkir þátttakendur í umferðinni. Það er sameiginlegt átak allra að hvetja forsjáraðila í til að fylgja börnum sínum fyrstu dagana og velja öruggustu leiðina og æfa sig á henni. Á vef Samgöngustofu er að finna ýmsar upplýsingar til foreldra og barna um umferðarmál.

Mikilvægt að kynna sér öryggisatriði hjóla og rafhjóla

Börn og unglingar nota alls konar farartæki til og frá skóla. Algengust eru reiðhjól, hlaupahjól, rafhlaupahjól og létt bifhjól og er mikilvægt að starfsfólk skóla, forsjáraðilar og nemendur kynni sér reglur og öryggisatriði er varða notkun slíkra tækja. Ferkari upplýsingar um notkun tækjanna má finna á vefsíðu Samgöngustofu. *-gpp*

Betra líf
með sterkri heilbrigðisþjónustu í heimabyggð

Kynntu þér stefnumál Samfylkingarinnar á www.xs.is

Opinn fundur VG í Árnessýslu: Heilbrigðismál

Miðvikudaginn 8. september
kl 20:30 í Tryggvaskála

Sérstakur gestur fundarins verður **Svandís Svavarsdóttir**, heilbrigðisráðherra. **Hólmfríður Árnadóttir**, oddviti VG í Suðurkjördæmi og **Heiða Guðný Ásgeirsdóttir**, sem er í öðru sæti, munu taka þátt í samtalinu sem og fleiri frambjóðendur kjördæmisins.

Öll velkomin

VINSTRI GRÆN | XV

íþróttir

Alexander Adam Íslandsmeistari

MÓTOKROSS Fjórða og síðasta umferð Íslandsmeistaramótsins í mótokross fór fram í Bolaöldu fyrir rúmri viku. Alexander Adam Kuc sigraði örugglega í unglingaflokki með fullt hús stiga eftir sumarið og landaði þar með Íslandsmeistaratitlinum. Hann lenti í þriðja sæti í flokknum MX2 sem skilaði honum líka í þriðja sæti í þeim flokki til Íslandsmeistara.

Eric Máni Guðmundsson varð í fyrsta sæti í unglingaflokki yngri.

Þess má geta að Alexander Adam var á dögunum valinn sem varamaður í íslenska landsliðið í mótokross sem keppir á Motocross of Nations í lok september í Mantova á Ítalíu. Undirbúningur fyrir mótið er í fullum gangi og óskum við íslenska liðinu góðs gengis.

-Umf. Selfoss/rb

Alexander Adam æfir með íslenska landsliðinu fyrir mót á Ítalíu í september. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Andleysi Selfyssinga

KNATTSPYRNA Selfyssingar töpuðu 1-3 þegar liðið tók á móti botnliði Tindastóls í Pepsi Max deildinni laugardag.

Staðan var 0-1 í hálfleik og gestirnir tvöfölduðu forystu sína á 82. mínútu áður en heimakonur minnkuðu muninn í 1-2 þremur mínútum síðar með sjálfsmarki Tindastóls, eftir góðan undirbúning Önnu Maríu Friðgeirsdóttur. Það var þó skammgóður vermir því að gestirnir bættu þriðja markinu við í uppbótartíma.

Selfoss er sem fyrr í fjórða sæti með 25 stig. Lokaleikur liðsins á tímabilinu er gegn Íslandsmeisturum Vals á Hlíðarenda á föstudag kl. 19:15. *-Umf. Selfoss*

Þægilegur sigur Eyjamanna

KNATTSPYRNA Selfoss tapaði 1-4 gegn nágrönnum sínum úr ÍBV í Lengjudeildinni á föstudag.

Valdimar Jóhannsson kom heimamönnum yfir eftir hálftíma leik en gestirnir jöfnuðu á lokamínútu fyrri hálfleiks. Í upphafi í seinni hálfleik skoruðu Eyjamenn tvívegis og þeir skoruðu fjórða markið mínútu fyrir leikslok, lokatölur 1-4.

Selfyssingar eru í 9. sæti deildarinnar með 21 stig en ÍBV er í 2. sæti með 41 stig, hársbreidd frá sæti í efstu deild. Næsti leikur liðsins er gegn Þór á Akureyri á laugardag kl. 14:00. *-Umf. Selfoss*

Silfur hjá Tinnu og Elínborgu í Litháen

HANDBOLTI Selfyssingarnir Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir og Tinna Sigurrós Traustadóttir voru á dögunum ásamt U-17 ára landsliðinu í handbolta í Klaipeda í Litháen. Þar tók liðið þátt í EHF Championship.

Stelpurnar stóðu sig frábærlega og enduðu í öðru sæti á mótinu. Þær sigldu í gegnum riðlakeppnina taplausar, gerðu jafntefli við Pólland en unnu aðra leiki sína. Það tryggði þeim sæti í undanúrslitum þar sem þær mættu Spánverjum. Þann leik unnu stelpurnar okkar með einu marki. Tinna Sigurrós var markahæst gegn Spánverjum með sjö mörk. Að lokum töpuðu stelpurnar með minnsta mun í æsispennandi úrslitaleik gegn Norður-Makedóníu.

Niðurstaðan því annað sætið sem tryggir liðinu sæti í undankeppni EM 2023 í nóvember. Þrír leikmenn íslenska liðsins voru valdir í úrvalslið mótsins, þeirra á meðal var Tinna Sigurrós sem besta örvhenta skyttan.

-Umf. Selfoss/esó

Elínborg Katla (t.v.) og Tinna Sigurrós eftir úrslitaleik mótsins.

Brúarhlaupinu aflýst

FRJÁLSAR Eftir vandlega skoðun og íhugun hefur verið ákveðið að fella niður Brúarhlaup Selfoss árið 2021.

Ekki er talið ráðlegt að halda viðburði sem má sleppa og eru ekki lífsnauðsynlegir, eins og ástandið er í þjóðfélaginu vegna Covid-19. Við vonum að allir virði þessa ákvörðun okkar og vonandi getum við öll haldið og tekið þátt í Brúarhlaupinu á næsta ári. *-UFMS*

Brenna áfram á Selfossi

KNATTSPYRNA Bandaríski sóknarmaðurinn Brenna Lovera hefur skrifað undir nýjan, tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss.

Lovera, sem er 24 ára gömul, kom til liðs við Selfoss í vor frá Boavista í Portúgal. Hún hefur heldur betur slegið í gegn í Pepsi Max deildinni í sumar, er markahæst í deildinni með 13 mörk í 14 leikjum og var meðal annars valin besti leikmaður fyrsta þriðjungs Íslandsmótsins.

„Þetta er búið að vera gott tímabil. Selfoss er frábært félag með jafnvel enn betra samfélag á bakvið sig. Ég er mjög spennt fyrir því að framlengja samninginn minn á stað sem mér finnst vera eins og heimili að heiman. Ég get ekki beðið eftir því að byggja ofan á það sem við höfum gert á þessu tímabili," segir Brenna Lovera. *-Umf. Selfoss*

Þrjú héraðsmet á Selfossleikunum

FRJÁLSAR Þrjú héraðsmet voru sett á Selfossleikunum í frjálsum íþróttum sem fram fóru á Selfossi þann 17. ágúst síðastliðinn.

Metin féllu öll í 300 m grindahlaupi en Helga Fjóla Erlendsdóttir, Garpi, sigraði í flokki 12 ára stúlkna á 53,97 sek. og í flokki 11 ára stúlkna sigraði Adda Sóley Sæland, Selfossi, á 61,04 sek. Þær bættu þar með níu ára gömul met Helgu Margrétar Óskarsdóttur, Selfossi, sem átti metin í báðum flokkunum. Helga Fjóla stórbætti metið í 12 ára flokknum, um 8,82 sek. og Adda Sóley bætti metið í 11 ára flokknum um 1,75 sek.

Þá sigraði Benedikt Hrafn Guðmundsson, Selfossi, í flokki 11 ára pilta á 66,95 sek. en hann er fyrsti pilturinn á sambandssvæði HSK til þess að setja tíma í 300 m grindahlaupi í þessum aldursflokki.

Utanhússtímabilinu í frjálsum lýkur senn og eru Selfossleikarnir hluti af uppskeruhátíð 11-14 ára iðkenda á Selfossi. Á mótinu var einnig keppt í sleggjukasti og þrístökki.

-Umf. Selfoss/þi

F.v. eru Helga Fjóla, Adda Sóley og Benedikt Hrafn. Samsett mynd frá sunnlenska.is/Guðmundur Karl

Héraðsmót fatlaðra í golfi

GOLF Þann 1. september var haldið héraðsmót í golfi fatlaðra á Svarfhólsvelli á Selfossi. Keppendur hafa æft golf undir stjórn Gylfa Sigurjónssonar í sumar.

Í kvennaflokki endaði Telma Þöll Þorbjörnsdóttir í fyrsta sæti, María Sigurjónsdóttir í öðru og Sigríður Erna Kristinsdóttir í því þriðja.

Í karlaflokki var það Árni Bárðarson sem tók fyrsta sætið, Eðvarð H. Hólmarsson það annað og Bjarni Friðrik Ófeigsson það þriðja. *-hsk*

Keppendur ásamt Gylfa Sigurjónssyni, þjálfara.

Einfaldlega **betra kaskó!**

Skoðaðu málið

Við vitum að þú **elskar bílinn þinn** og vilt aðeins það besta fyrir hann.

Þess vegna höfum við **gjörbylt kaskótryggingunni** okkar. Hvort sem bíllinn gengur fyrir ⛽ eldsneyti, ⚡ rafmagni eða bæði getur þú slakað á sem aldrei fyrr, vitandi að hann sé í öruggari höndum hjá okkur.

Framsókn boðar vaxtarstyrki

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir

lögfræðingur

Við lifum við þann munað hér á Íslandi að hágæða íþrótta- og tómstundastarf er okkur tiltölulega aðgengilegt. Kostir þess að einstaklingar stundi skipulagt frístundastarf eru óumdeilanlegir og þá sérstaklega þegar það kemur að börnum og ungmennum. Skipulagt frístundastarf hefur almennt jákvæð áhrif á börn og ungmenni, bæði á andlega og líkamlega heilsu. Að auki hefur forvarnagildi iðkunar frístunda verið margsannað. Þau börn og ungmenni sem stunda skipulagt frístundastarf eru ólíklegri til að sýna óæskilega hegðun eða neyta vímugjafa.

Styrkir hafa virkað

Hér á landi hafa ríki og sveitarfélög landsins lengi verið í virku samstarfi við íþrótta- og tómstundahreyfingar landsins með það markmið að börn hafi jöfn tækifæri til taka þátt í heilbrigðu og uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegra aðstæðna. Ein viðurkennd aðgerð í átt að því markmiði er frístundastyrkur. Mörg sveitarfélög veita ákveðna upphæð í frístundastyrk til fjölskyldna, sem hægt er að nýta til að niðurgreiða hvaða skipulagða íþrótta- og tómstundaiðkun sem barnið hefur áhuga á að stunda. Þetta hefur vissulega leitt til aukningar á íþrótta- og tómstundaiðkun barna og ungmenna innan þeirra sveitarfélaga. Tölfræðin segir okkur að börn og ungmenni sem iðka íþrótt eða tómstund fara fjölgandi samhliða notkunar á frístundastyrk. Mörg börn iðka jafnvel fleiri en eina íþrótt eða tómstund á sama tíma. Þessi þróun sýnir að styrkur sem þessi virkar, en betur má ef duga skal.

Betur má ef duga skal - Vaxtarstyrkir

Enn eru fjölskyldur sem sjá sér ekki færa fjárhagslega að greiða fyrir frístundaiðkun barna sinna. Það er markmið Framsóknar að tryggja að öll börn og ungmenni hafi tækifæri til að stunda þá íþrótt eða tómstund sem þau hafa áhuga á, með meðfylgjandi forvarnar- og lýðheilsusjónarmið í huga. Það að öll börn geti stundað skipulagt frístundastarf er samfélaginu öllu til góða.

Til að ná þessu markmiði vill Framsókn að ríkið greiði árlega 60 þúsund króna vaxtarstyrk til fjölskyldna fyrir hvert barn. Sem dæmi má benda á að það eru 180 þúsund krónur fyrir þriggja barna fjölskyldu. Með þessu er hægt að stuðla að jafnari tækifærum til frístundaiðkunar óháð efnahag.

Höfundur er frambjóðandi í 3. sæti á lista Framsóknar í Suðurkjördæmi.

Smölun í Friðlandi að Fjallabaki

Vegna smölunar í Friðlandi að Fjallabaki laugardaginn 18. september vill Umhverfisstofnun koma eftirfarandi tilmælum á framfæri til fólks og ferðaþjónustuaðila sem hyggja á ferðalag í friðlandið. Á meðan á smölun stendur á svæðinu austan við Bláhnúk í Landmannalaugum er fólk vinsamlegast beðið um að vera ekki á ferðinni á því svæði umræddan dag af tillitssemi við smala og búfénað.

Um er að ræða gönguleiðir um Bláhnúk, Skallahring, að Grænahrygg og í Hattver um Halldórsgil og Jökulgil. Í Friðlandi að Fjallabaki eru margar gönguleiðir í boði.

FJÖLHEIMAR

Námsver háskólanema á Selfossi

Í Fjölheimum á Selfossi rekur Háskólafélag Suðurlands námsver fyrir fjarnema. Verið er í hjarta bæjarins og geta nemar leigt sér aðgang að því frá morgni til kvölds alla sjö daga vikunnar.
Jafnframt fylgir aðgangur að sérstakri kaffistofu og nemendarými. Námsverið er opið hverjum þeim sem vantar stað til þess að stunda sitt nám utan heimilis en auk lesaðstöðu felur aðgangskortið í sér gjöld fyrir próftöku ef á þarf að halda, en Háskólafélagið er vottaður prófaþjónustuaðili.

Nám í heimabyggð

Háskólafélag Suðurlands

Háskólafélagið er í eigu fjórtán sveitarfélaga á Suðurlandi og vinnur m.a. að því að auka aðgengi að háskólanámi í héraðinu. Í góðri samvinnu við Fræðslunetið og einstök sveitarfélög eru rekin námsver á Selfossi, Hellu, Hvolsvelli, Vík, Kirkjubæjarklaustri og Höfn í Hornafirði. Þá rekur félagið umfangsmikla prófaþjónustu á framhalds- og háskólastigi og eru á annað þúsund próftökur skráðar hjá félaginu á ári hverju.

Hvað finnst nemendum?

„Ég hef nýtt mér aðstöðu Fjölheima í nokkur ár. Aðstaðan er til fyrirmyndar og starfsfólkið enn betra. Það hefur verið mér ótrúlega mikilvægt að hafa þessa aðstöðu sem ég hef bæði nýtt mér í fjarnámi, en þá var gott að hafa stað til að fara á og læra utan heimilis, en einnig hef ég nýtt aðstöðuna í staðnámi sem ég stunda núna. Lesstofan er hlýleg og rúmgóð, við höfum einnig aðgang að vel búinni kaffistofu ásamt því að hægt er að panta kennslustofu ef vinna þarf hópavinnu. Það er nauðsynlegt þegar maður er í krefjandi námi að hafa stuðninginn frá öðrum sem nýta sér aðstöðuna og eru að glíma við það sama, þó svo að þau séu ekkert endilega í sama námi. Í Fjölheima get ég komið og lært alla daga vikunnar þegar mér hentar hvort heldur sem er að morgni eða kvöldi.“

Auður Hlín Ólafsdóttir
nemi í lyfjafræði við HÍ

HfSu er vottaður prófaþjónustuaðili fyrir framhaldsskóla, háskóla og aðrar menntastofnanir

Hafið samband á prof@hfsu.is

Gæðið auðvitað innan

Spennandi myndgreiningarfundur í Fljótshlíðinni

Héraðsskjalasafn Árnesinga stendur fyrir áhugaverðum fundum á næstunni. Greina á myndir úr safni Ottós Eyfjörð. Fundirnir verða annan hvern föstudag kl 10 í Goðalandi í Fljótshlíð. „Við munum leggja áherslu á að greina fólk, staði og fleira á ljósmyndum úr safni Ottós Eyfjörð. Hann starfaði sem ljósmyndari í Rangárvallasýslu. Starfsmaður safnsins varpar myndum upp á tjald og leitar eftir aðstoð fundarmanna við að greina efni myndanna," segir í tilkynningu frá safinu. Fundirnir verða 10. og 24. september og 8. og 22. október. Heitt verður á könnunni og allir velkomnir.

mynd: Héraðsskjalasafn Árnesinga

Geymið auglýsinguna

Aðgangskort fyrir önnina kosta kr.18.000 og eru þá innifalin öll prófagjöld

Nánari upplýsingar á prof@hfsu.is og www.hfsu.is/prof

Hvað finnst nemendum?

„Árið 2018 hóf ég Fagháskólanám í leikskólakennarafræðum sem kennt var á Selfossi, og varð ég strax hrifinn af hugmyndinni að geta aðlagast skólakerfinu á rólegan hátt og í fámennum hópi. Námið hófst í ágúst og eftir fyrsta tíma var eins og við hefðum alltaf þekkst. Starfsfólk Fjölheima þar sem við hittumst og kennarar sem komu að náminu voru allir faglegir og frábært fólk sem sýndi skilning í öllum þeim aðstæðum sem upp komu. Unnið var að því að finna lausnir á því að allir hefðu aðgengi að náminu á hátt sem hentaði hverjum og einum."

Júlía Káradóttir
útskrifuð úr fagháskólanámi í leikskólafræðum við HÍ

• • • • • • • • • • •

„Ég brautskrifaðist með BS-gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands vorið 2021, nám sem er alfarið kennt í staðnámi. Því fylgir að kennslan er ekki aðgengileg hvar sem er á landinu og nemendur bera sjálfir ábyrgð á mætingu og ástundun, hvort sem það eru fyrirlestrar eða lokapróf og sérstakt leyfi þarf til að breyta því. Ég hef hins vegar getað nýtt mér það að þreyta lokapróf í heimabyggð og tel ég það eitt af eitt af þeim stóru skrefum sem tekin hafa verið í nærþjónustu við nemendur og fyrir það er ég mjög þakklát. Einnig vil ég hrósa Fjölheimum og starfsfólkinu þar fyrir þá góðu þjónustu sem hér er veitt. Hún er mikilvægur liður í efla jöfn tækifæri til náms".

Sigrún Erna Kristinsdóttir
útskrifuð úr sálfræði við HÍ

Og svo erum við auðvitað á FB!

Að stunda fjarnám er krefjandi, oft á tíðum samhliða vinnu og fjölskyldulífi. Það er því ómetanlegur styrkur að eiga kost á því að hafa athvarf utan heimilis til að einbeita sér að náminu. Sú aðstaða sem boðið er uppá í Fjölheimum hefur styrkt fjarnemendur bæði námslega en ekki síður félagslega því þar hefur myndast námssamfélag sem er bæði styðjandi og hvetjandi fyrir nemendur.

Af hverju ég og af hverju Viðreisn?

Þórunn Wolfram

2. sæti Viðreisnar í Suðurkjördæmi

Eins og eflaust mörg okkar, forðaðist ég lengi vel að koma nálægt flokkapólitík. Ég vildi ekki merkja mig ákveðnum flokki og taldi það farsælla að vera óháð, þá sérstaklega vegna þess að ég er tengd fræðasamfélaginu og þar viljum við flest helst halda pólitísku hlutleysi. Ég er engu að síður í eðli mínu mjög pólitísk og brenn fyrir réttlátu samfélagi og umhverfis- og loftslagsmálum.

Ég komst svo að því fyrir nokkrum árum að það að skrifa lærðar greinar um umhverfismál og nauðsynlegar kerfisbreytingar virkar ekki eitt og sér, skilaboðin verða að rata á rétta staði. Það er, inn í umræðu og ákvarðanatöku í þingsal. Ég ákvað því að stíga út fyrir þægindarammann og blanda mér af fullum þunga í stjórnmálaumræðuna, allt í þágu málstaðarins.

Beint í umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Það endaði þannig að árið 2017 var ég aðstoðarkona Bjartar Ólafsdóttur þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, í hennar ráðherratíð. Ég tók síðan þátt í að stofna óháða bæjarmálafélagið Okkar Hveragerði og sat sem bæjarfulltrúi þess frá 2018 út árið 2020, eða þar til ég flutti í Grímsnesið. Mér fannst ég þó eiga enn mikið ósagt og ógert hvað varðaði umhverfismálin, og fór að skoða hvaða flokki ég gæti hugsað mér að tengjast, til að nota röddina á ný. Til viðbótar því að vilja búa í réttlátu samfélagi þar sem umhverfis- og náttúruvernd er í öndvegi, er ég frjálslynd, alþjóðasinnuð og hrifin af norræna velferðarkerfinu svo dæmi séu tekin.

Viðreisn þorir

Ég fann það fljótt út að Viðreisn er málefnalega sá flokkur sem ég tengi best við. Það sem hrífur mig þó mest við Viðreisn er að flokkurinn þorir að láta í sér heyra og er óhræddur við að leggja til breytingar á núverandi stjórnkerfum, almenningi til hagsbóta. Það sést einna best á áherslum flokksins í sjávarútvegsmálum, í að þjónustuvæða heilbrigðiskerfið, í að vilja bæta hag landsmanna með því að tengja gengi krónunnar við Evru og ekki síst í stefnu flokksins í umhverfis- og loftslagsmálum. Viðreisn er til að mynda eini frjálslyndi flokkurinn með öfluga loftslagsstefnu, samkvæmt Sólarkvarða Ungra umhverfissinna.

Ég valdi því Viðreisn og vona að sem flest okkar geri slíkt hið sama á kjördag, þann 25. september nk.

Tafir vegna fjárrekstra í Biskupstungum.

Föstudaginn 10. september og laugardaginn 11. september má búast við umferðartöfum á eftirtöldum vegum í Biskupstungum vegna fjárrekstra.

Föstudaginn 10. sept.
Biskupstungnabraut F35, milli Gullfoss og Geysis frá kl. 11:30 til 13:30.
Skeiða- og Hrunamannavegur F30, við Gýgjarhól milli kl. 14:00 og 15:30.
Einholtsvegur F358, frá Kjarnholtum að Tungnaréttum frá kl. 16:00 fram á kvöld.

Laugardaginn 11. sept.
Biskupstungnabraut F35 frá Vatnsleysu að Múla frá kl. 13:00 og fram eftir degi.
Einholtsvegur F358 frá Tungnaréttum að Gýgjarhólskoti frá kl. 13:00 og fram eftir degi.

Fjallskilanefnd Biskupstungna.

Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu 2021

Orlofið verður á Hótel Örk í Hveragerði 26. til 30. september 2021.

Áætluð er ferð í Friðheima og Sólheima 28. sept. Óskað er eftir að konur skrái sig í þá ferð fljótlega eftir komu á hótelið.

Hluti af hópnum átti greiðslu inni hjá orlofinu en aðrar þurfa að greiða 30.000,-
á reikning 0325-13-300902
Kt: 590706-1590 fyrir 18. sept. 2021.

Lagt verður af stað frá Hlíðarenda á Hvolsvelli kl. 13:00 sunnudaginn 26. sept. 2021 og farþegar teknir á Hellu kl. 13:15, Skeiðavegamótum kl. 13:40 og N1 á Selfossi kl. 14:00.

Ef einhverjar sem eru skráðar ætla að hætta við eru þær vinsamlega beðnar að láta vita sem allra fyrst til Þórunnar Ragnarsdóttur 892 5923 eða 487 5922 netfang, thorunnreidholt@gmail.com.

Vegna Covid-19 verðum við allar að gæta okkar. Hver og ein þarf að passa upp á sínar persónulegu sóttvarnir og ef einhver finnur fyrir minnstu einkennum þarf sú að fara í einkennasýnatöku og vera búin að fá neikvæða niðurstöðu áður en lagt er af stað. Skv. núgildandi sóttvarnareglum er grímuskylda í hópferðabílum en þó að þessum reglum verði hugsanlega breytt fyrir borttför, þá er sjálfsagt að hafa grímurnar með.

Orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Bókasafnsdagur í Bókasafni Árborgar

Miðvikudagurinn 8. september er „Bókasafnsdaguri nn“ og því verður fagnað á einhvern hátt á bókasöfnum landsins. Hjá Bókasafni Árborgar á Selfossi vill svo til að þessi dagur markar líka 30 ára afmæli safnsins í þessu húsi - gamla Kaupfélaginu - og þar sem við erum mikið fyrir afmæli þá ætlum við að vera með kruðerí með kaffinu milli kl. 15 og 17. Bækur sem voru vinsælar fyrir 30 árum verða í öndvegi og hægt að spreyta sig á spurningablöðum bæði fyrir börn og fullorðna.

Leshringur bókasafnsins fer í gang í næstu viku og þeir sem vilja vera með geta skráð sig frá og með Bókasafnsdeginum. Þessi dagur er líka síðasti sýningardagur hjá Sigurði Jónssyni sem er með flottu málverkin sín til sýnis í Listagjá safnsins. Velkomin ævinlega og alla daga og sérstaklega á Bókasafnsdaginn 8. september milli kl. 15 og 17.

Sigurjón Guðbjartur Jónasson, starfsmaður Bókasafnsins.

Kær kveðja starfsfólk Bókasafnsins.

Öflugt vetrarstarf hjá Kvenfélagi Selfoss er að hefjast

Þegar fyrstu haustlægðirnar ganga yfir hefst undirbúningur að vetrarstarfi Kvenfélags Selfoss. Þegar er hafin vinna við útgáfu á Dagbókinni Jóru, sem nú kemur út í 30. sinn. Eins og ævinlega leitum við til fyrirtækja og stofnana varðandi auglýsingar og styrktarlínur. Ágóða af útgáfunni er varið til styrktar menningu eða líknarmálum í nærumhverfinu. Undanfarin ár höfum við styrkt Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Krabbameinsfélag Árnessýslu, Klúbbinn Strók og Þjónustuúrræði fyrir börn í Árborg svo eitthvað sé nefnt. Dagbókin Jóra er ekki aðeins dagbók með auglýsingum, hún inniheldur margvíslegan fróðleik svo sem mataruppskriftir, ljóð eftir Sunnlendinga, létt grín og fleira skemmtilegt.

Nú í september fara af stað spjall og handavinnukvöld, sem haldin eru í húsnæði félagsins, Selinu við Engjaveg, annað hvert þriðjudagskvöld kl. 20.00. Hið fyrsta á þessu hausti var 7. september, en þá var brugðið út af vananum og Guðrún Bjarnadóttir í Hespuhúsinu sótt heim, en hún jurtalitar ull í öllum regnbogans litum, og segir svo skemmtilega frá.

Allir eru velkomnir á þessi handavinnukvöld bæði félagskonur og gestir.

Félagsfundir eru annan þriðjudag í mánuði kl. 20.00, sá fyrsti verður 12. október í Selinu en þar eru fundir að jafnaði haldnir, þó fundum við stöku sinnum annars staðar, og þá er það auglýst sérstaklega.

Fyrir utan hefðbundið starf gerum við okkur dagamun endrum og sinnum, margar öflugar nefndir starfa innan vébanda félagsins, og þær sjá um að nærа okkur félagskonur bæði andlega og líkamlega með ýmsum menningaruppákomum. Í félaginu starfa skemmtilegar konur á öllum aldri, og við erum ekki alltaf að baka, þó það sé vissulega ein leið til að afla fjár.

Í bígerð er að halda viðburð í október í menningarmánuði Árborgar, meira um það síðar.

Nýir félagar hjartanlega velkomnir í gefandi og skemmtilegt starf í Kvenfélag Selfoss.

Valborg Ólafsdóttir í Holti undir Eyjafjöllum er Sveitarlistamaður Rangárþings eystra 2021

Mynd við frétt af sveitarlistamanni Rangárþings eystra var ekki rétt klippt. Myndin var af Hörpu Mjöll Kjartansdóttur, sem er formaður menningarnefndar. Hér birtist myndin í fullri stærð ásamt fréttinni í heild.

Í umsögn Menningarnefndar Rangárþings eystra segir að Valborg Ólafsdóttir hljóti þessa útnefningu fyrir frumlega tónlistar- og textagerð, tónlistarsköpun og lifandi flutning í sveitarfélaginu sem og annars staðar. Valborg er einnig tónlistarkennari við Tónlistarskóla Rangæinga og tekur því þátt í að miðla sinni reynslu og þekkingu til yngri kynslóðarinnar.

Valborg hefur í áraraðir verið dugleg að semja og spila sína eigin tónlist og komið fram víða, bæði hér heima í héraði sem og erlendis. Önnur plata Valborgar, Silhouette, kom út núna í sumar en fyrri platan, Valborg Ólafs, kom út árið 2019 og vakti mikla og góða athygli. Orri, maður Valborgar, spilar með henni í hljómsveit hennar ásamt þeim Baldvini Frey Þorsteinssyni og Elvari Braga Kristjánssyni. Ásamt því að vera tónlistarkona og bóndi þá hafa þau hjón verið með ferðaþjónustu í nokkur ár og þar lætur Valborg ljós sitt skína og fá gestir hennar oft að njóta heimilislegra tónleika í stofunni.

Valborg er virkilega vel að þessari nafnbót komin og óskum við henni hjartanlega til hamingju.

Harpa Mjöll Kjartansdóttir, formaður Menningarnefndar afhenti Valborgu viðurkenningarskjal og blómvönd af þessu tilefni.

Opinn fundur með frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi!

12. september kl. 11:30
Mýrdalur, Hótel Katla

12. september kl. 14:30
Kirkjubæjarklaustur, Hótel Laki

13. september kl. 18:00
Hvolsvöllur, í Hvolnum

13. september kl. 20:00
Hella, í safnaðarheimilinu

14. september kl. 18:00
Þorlákshöfn, Unubakki 3

D

Fjármála- og tryggingaráðgjöf á einum stað í útibúum Arion banka

Þú getur hitt ráðgjafa frá Verði í útibúum Arion banka á Höfða, Smáratorgi, Selfossi og í Borgarnesi.

Pantaðu fund í útibúi eða fjarfund á arionbanki.is.

arionbanki.is

vörður

Kjörskrá.

Kjörskrá fyrir sveitarfélagið Hrunamannahrepp vegna Alþingiskosninga 25. september 2021, liggur frammi á skrifstofu Hrunamannahrepps frá 13. september til kjördags á opnunartíma skrifstofunnar, kl. 9:00-12:00 og 13:00-16:00, föstudaga frá kl. 9:00-12:00.

Sveitarstjóri Hrunamannahrepps.

Kjörfundur.

Kjörfundur fyrir sveitarfélagið Hrunamannahrepp vegna Alþingiskosninga 25. september 2021 verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum þann 25. september 2021 frá kl. 10:00 – 22:00. Kjósendur geri grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps.

Sunnulækjarskóli

Sunnulækjarskóli leitar að kennara til að sinna forfallakennslu í tímabundna ráðningu til vors.

Í skólanum eru um 700 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Leitað er að umsækjendum með kennsluréttindi og sérhæfingu á grunnskólastigi, góða íslenskukunnáttu, áhuga og reynslu af teymiskennslu og góða samskiptahæfni.

Umsóknarfrestur er til 13. september 2021

Nánari upplýsingar eru á ráðningarvef sveitarfélagsins starf.arborg.is.
Sækja þarf um stöðuna á vef sveitarfélagsins, http://starf.arborg.is

Skólastjóri

Siggi stýrir Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni

„Ég er mjög spenntur að koma á Laugarvatn og halda áfram að byggja upp starfið þar á þeim góða grunni sem starf Ungmennabúðanna er reist á," segir Sigurður Guðmundsson, sem ráðinn hefur verið forstöðumaður Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni.

Sigurður tekur við starfinu af Önnu Margréti Tómasdóttur, sem hefur snúið sér að öðrum verkefnum.

Ungmennafélagi fram í fingurgóma

Sigurður hefur tekið sér margt skemmtilegt fyrir hendur og þekkir gríðarlega vel til starfs UMFÍ og ungmennafélagshreyfingarinnar. Hann er eiginmaður, faðir fjögurra barna og býr fjölskyldan á Hvanneyri.

Sigurður er íþróttafræðingur að mennt og hefur síðastliðin ár verið framkvæmdastjóri Ungmennasambands Borgarfjarðar (UMSB) auk þess að vera í hlutastarfi hjá UMFÍ. Sigurður er jafnframt einkar laghentur enda húsasmiður að mennt.

Líf og fjör í ungmennabúðum

Ungmennabúðir UMFÍ eru fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla um allt land og eiga þeir möguleika á að dvelja þar frá mánudegi til föstudags við leik og störf. Markmiðið með dvöl ungmennanna er að styrkja félagsfærni þeirra, efla vitund þeirra fyrir umhverfi sínu og samfélagi ásamt mikilvægi þess að hafa heilbrigðan lífsstíl að leiðarljósi.

Aðsókn í Ungmennabúðir UMFÍ hefur aukist mikið síðustu ár enda vinsælt að komast í heilbrigða hvíld þar sem m.a. farsímar og tölvur trufla ekki nemendur.

Árlega koma rúmlega 2.000 ungmenni í búðirnar og eru þær snemma fullbókaðar.

„Ég hlakka til að halda áfram að efla hug og hjörtu ungs fólks á Laugarvatni. Ungmennafélagsandinn er þar alltumlykjandi og alveg yndislegt að vera þar," heldur hann áfram.

Gjöf til Grunnskólans í Hveragerði

Þann 3. september sl. var hátíðisdagur og listaverkasafn Grunnskólans í Hveragerði tók stökk í átt að verðmætasta málverkasafni í eigu grunnskóla á Íslandi.

Víðir Mýrmann einn þekktasti og virtasti listmálari landsins gaf stórt olíumálverk til Grunnskólans í Hveragerði. Mýrmann bæði býr og starfar í Hveragerði. Verkið heitir Litróf lífsins og er olía á hör. 180 x 180 cm. Gjöfin er bæði þakklætisvottur fyrir stuðninginn frá skólanum og Hveragerðisbæ í gegnum árin. Aðallega er gjöfin hugsuð sem hvatning fyrir æsku landsins.

Mýrmann sagði við afhendingu verksins: „Öll vitum við að mennt er máttur, menntun opnar dyr og ólík tækifæri. Það sem skiptir samt mestu í námi og lífinu í heild sinni, er að standa með sjálfum sér, láta sig dreyma, hafa trú og von í hjarta, og láta ekkert stoppa sig í að ná takmörkum sínum. Við getum orðið allt sem við viljum, öll erum við ólík, með mismunandi áhugamál og skoðanir, en öll erum við frábær og höfum rödd, sem við getum notað í litrófi lífsins. Lífið er regnbogi, með mörgum mismunandi tónum, þar sem hver litur skiptir máli og allir þjóna þeir tilgangi, allir litirnir eru fallegir með sína sögu og hafa tilgang, eins og hvert barn hefur tilgang og skiptir miklu máli. Ég vil, ég get, ég skal."

Nemendur í 1. bekk ásamt Sævari Þór skólastjóra og Víði Mýrmann listmálara

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð** og **samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á *www.sass.is*

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 5. OKTÓBER, KL. 16:00

RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND
Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland.
Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.

STYRKIR@SASS.IS **S. 480-8200** **WWW.SASS.IS**

Uppbyggingarsjóður er hluti af
SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS

SASS
SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Menningarmánuðurinn október

Nú styttist í einn af stóru viðburðum sveitarfélagsins, menningarmánuðurinn október sem haldinn verður í tólfta sinn í Sveitarfélaginu Árborg. Í ár mun sveitarfélagið kynna fjölbreytta viðburðadagskrá sem höfðar til allra aldurshópa og verður lagt upp með minni viðburði sem dreifast út mánuðinn víðsvegar um sveitarfélagið.

Við hvetjum áhugasama sem standa á bakvið viðburði í októbermánuði að tengjast hátíðinni. Hægt er að senda upplýsingar á Ólaf Rafnar Ólafsson (olafur.rafnar@arborg.is), Braga Bjarnason (bragi@arborg.is) eða hringja í síma 480 1900.

Við minnum aðilar sem halda viðburðir innandyra sem og utan að gæta að fjölda gesta og sóttvarna.

Með von um góðar viðtökur,
Sveitarfélagið Árborg

MENNINGARMÁNUÐURINN ÓKTÓBER
Sveitarfélagið ÁRBORG
HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Sveitarfélagið Árborg vellíðan fyrir alla

Sterkara Suðurland!

Oddný G. Harðardóttir

1. sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.

Viktor S. Pálsson

2. sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.

Vegna mikillar fjölgunar íbúa og fjölda ferðamanna sem fara um Suðurland þarf að takast á við aukið álag á heilsugæslu, löggæslu og vegakerfi. Hér eru helstu áherslur Samfylkingarinnar fyrir Suðurland.

Heilbrigðisþjónusta fyrir alla

Stórauka fjármagn til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og bæta starfsaðstöðu. Styrkja stofnunina faglega og fjölga heilbrigðisstarfsfólki til muna. Fjarlækningar verði efldar og námsplássum fjölgað fyrir hjúkrunar- og læknanema, fjárfest verði í sjúkraþyrlu sem staðsett yrði á Suðurlandi, heilbrigðisþjónusta við íbúa Vestmannaeyja komið í samt lag, dagdvalarrýmum og hjúkrunarrýmum fyrir eldra fólk fjölgað og þjónusta við eldra fólk bætt.

Fjölbreyttari atvinnutækifæri

Nánast allir erlendir ferðamenn fara um Suðurland og stærsta sumarbústaðasvæði landsins er þar að finna. Fagrar náttúruperlur draga ferðamenn að og bæta þarf aðstöðu og fjölga viðkomustöðum. Tryggja þarf lögreglunni og viðbragðssveitum fjármagn til að sinna auknum verkefnum. Fleiri stoðum þarf að renna undir atvinnulífið. Efla nýsköpun og veita þróunarstyrki til sprotafyrirtækja. Aðstoða unga bændur við að hefja búskap, landgræðslu eða grænmetisframleiðslu. Auka grænmetisframleiðslu með tæknilausnum og uppbyggingu. Styrkja Garðyrkjuskólann að Reykjum. Fjölga störfum án staðsetningar, ljúka við lagningu ljósleiðara og flýta áætlunum um lagningu þriggja fasa rafmagns. Efla listnám og fjölga störfum í menningu og skapandi greinum. Námsframboð og aðgengi að námi bætt.

Samgöngu- og loflagsmál

Aðgerðir í loftslagsmálum, fjölgun íbúa, ferðaþjónusta, nýsköpun og matvælaframleiðsla kalla á aukna rafmagnsnotkun. Auka þarf framleiðslu rafmagns með sem minnstu raski. Álag á vegi kjördæmisins er mikið. Bæta þarf vegi, auka umferðaröryggi og fækka einbreiðum brúm. Vegabætur s.s. Ölfusárbrú, brú yfir Hornafjarðarfljót og göng um Reynisfjall verði án vegatolla. Tryggja góðar samgöngur til Vestmannaeyja. Bæta aflgetu virkjana sem fyrir eru með öflugra flutningskerfi, tæknilegum endurbótum á vélabúnaði vatnsafls- og varmaaflsvirkjana og auknu rennsli jökulvatna. Ýta undir nýsköpun í umhverfismálum og nýta sorp sem auðlind. Styrkja fráveituframkvæmdir sveitarfélaga og tilraunir með lífrænar rotþrær.

Þjóðgarður í landi tækifæranna

Vilhjálmur Árnasson

alþingismaður

Hálendið er okkur öllum kært af svo mörgum ástæðum. Íslenskri þjóð hefur borið gæfa til að nýta og njóta hálendisins sem á stóran þátt í þeim lífsgæðum sem við búum við í dag. Það er því ótrúlegt að þurfa að standa í baráttu um afnotarétt þjóðarinnar á hálendinu. Það eru nefnilega öfl í þjóðfélaginu sem vilja loka hálendið af, koma í veg fyrir frekari orkuöflun og takmarka umgengni þar. Þetta er gert undir merkjum hálendisþjóðgarðs sem á að vera svo góður að trekkja erlenda gesti til landsins.

Hálendið stendur eitt og sér undir því að lokka til sín gesti, innlenda sem erlenda ásamt því að vera fullt af tækifærum fyrir byggðirnar í kring. Við nefnilega lifum af því að nýta land. Bændur hafa í gegnum ár og aldir nýtt hálendið til ræktunar og matvælaöflunar. Við höfum nýtt vatnsfallið af hálendinu til tekjuöflunar sem hefur nýst í uppbyggingu á öflugu velferðarsamfélagi samhliða umhverfisvænu raforkukerfi um land allt. Ferðafrelsið hefur leitt af sér nýsköpun við nýtingu hálendisins í gegnum útivist, sem dæmi. Nú flytjum við út íslenskt hugvit í breyttum jeppum sem tryggir einnig gott aðgengi að hálendinu ásamt því að skaffa björgunarsveitum okkar fyrsta flokks björgunartæki.

Fólkið sem hefur verið að nýta og njóta hálendisins hefur gert okkur öll að náttúruverndarsinnum, það hefur hugsað vel um hálendið og varðveitt það vel. Bændur í krafti eignaréttarins hafa lagt ómælda vinnu í að græða upp hálendið og búa þar yfir mikilli þekkingu sem nýtist víðar. Atvinnulífið hefur byggt upp nauðsynlega innviði og gert hálendið aðgengilegt og útivistarfólk hefur tengt hálendið við hjörtu fólksins í landinu.

Við þurfum ekki þjóðgarð sem hindrar alda langa reynslu okkar af því að nýta og njóta hálendisins. Sjálfstæðisflokkurinn mun standa vörð um það skipulag sem tryggir ofangreinda þætti og skapar hálendinu verðskuldaðan sess í landi tækifæranna.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir alþingiskosningar 25. september 2021

Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns
Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti Sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00-15:00. Lengdur opnunartími á skrifstofum embættisins verður auglýstur síðar.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á kjörstöðum í samstarfi við sveitarfélög o.fl.
Frá og með 15. september verður hægt að greiða atkvæði á eftirtöldum stöðum:

- Á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn. Opnunartími kl. 09:00 – 12:00 og kl. 13:00-16:00 alla virka daga.
- Á skrifstofu Hveragerðisbæjar við Breiðumörk, Hveragerði. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00–15:00, föstudaga kl. 10:00–12:00.
- Á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, Flúðum. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 9:00 – 12:00 og 13:00-16:00, föstudaga kl. 9:00-12:00.
- Á skrifstofu Bláskógabyggðar 2. hæð í Aratungu, Reykholti. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00, föstudaga kl. 8:30–12:30.
- Á skrifstofu Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 1, Hellu. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 09:00-15:00, föstudaga kl. 09:00-13:00.
- Á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, Kirkjubæjarklaustri. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00-14:00, föstudaga kl. 10:00- 13:00.
- Á heimili Pálínu Þorsteinsdóttur að Svínafelli 1, Suðurbæ, Öræfum. Opnunartími eftir samkomulagi. Sími 478 1760 og 894 1765.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

Kosning um sameiningu sveitarfélaga
Samhliða kosningum til Alþingis verður kosið um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

Ábyrgð á atkvæði
Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis. Starfsfólk embættisins mun aðstoða eftir föngum við að koma atkvæði til skila en síðustu daga fyrir kosningar er mælst til þess að kjósandi annist það sjálfur ef viðkomandi er á kjörskrá í öðrum kjördæmum.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi
Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skulu **skila beiðni** um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, **fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 23. september nk.** Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni www.kosning.is. Unnt er að senda umsókn á netfangið sudurland@syslumenn.is.

Ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni www.kosning.is.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Landeldi ehf. óskar eftir starfsmanni í eldisstöð félagsins að Öxnalæk, 810 Hveragerði.

Umsækjandi verður að vera reglusamur, stundvís og áreiðanlegur. Réttur einstaklingur hefur mikla möguleika til vaxtar innan fyrirtækisins enda mikil uppbygging framundan.

Um er að ræða vaktavinnu, útfærsla eftir nánara samkomulagi. Reynsla af fiskeldisstörfum er kostur en ekki skilyrði.

Áhugasamir eru hvattir til að senda umsókn á netfangið info@landeldi.is. Umsóknarfrestur til 20. september.

Landeldi
Icelandic Salmon farm

SKIPULAGSMÁL

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Sveitarfélagið ÁRBORG

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar.

1. Þykkvaflöt 3-9 - Deiliskipulagsbreyting
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 18. ágúst 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Þykkvaflöt 3-9, Eyrarbakka. Deiliskipulagsbreytingin tekur til einbýlishúsalóðanna Þykkvaflöt 3, 5, 7 og 9. Lóðirnar verða sameinaðar í þrjár parhúsalóðir þar sem heimilt verður að byggja 2 íbúðir á einni hæð á hvorri lóð. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar deiliskipulags.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016 er hér auglýst tillaga að verndarsvæði í byggð - Eyrarbakka.

2. Verndarsvæði í byggð – Eyrarbakki.
Á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar þann 18. ágúst 2021 var ákveðið að leggja fram tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um verndarsvæði í byggð innan Eyrarbakka sbr. 4. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Svæðið sem um ræðir er 28 ha að stærð og nær yfir elsta hluta Eyrarbakka meðfram Búðarstíg, Eyrargötu og Háeyrarvöllum frá Nestbrú í vestri til Steinskotsbæjanna í austri.

Afmörkun verndarsvæðisins tekur mið af afmörkun hverfisverndar eins og hún er skilgreind í aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 en nær auk þess til votlendisins milli Þykkvaflatar og Steinskotsbæjanna sem kallast Hóp. Þorpið byggðist út frá jörðunum Einarshöfn, Skúmsstöðum og Háeyri í tengslum við verslun og sjósókn, en Eyrarbakki var helsti verslunarstaður Suðurlands allt fram á 2. áratug 20. aldar.

Innan verndarsvæðisins er að finna eina heillegustu, samfelldu byggð alþýðuhúsa frá því um og eftir aldamótin 1900, sem varðveist hefur á Íslandi og er stór hluti þeirra friðaður skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Auk þess eru þrjú þeirra friðlýst skv. 31. gr. sömu laga en það eru Húsið, Assistentahúsið og Eyrarbakkakirkja. Saga þessara húsa og þorpsins alls er samofin sögu verslunar og sjósóknar og enn má greina augljós spor og minjar frá þessum gamla tíma á Eyrarbakka, í samspili húsa, hlaðinna garða, gatna og annarra minja.

Í tillögunni er fjallað um verndargildi húsa og umhverfis og settir fram skilmálar sem miða að því að festa í sessi og viðurkenna þá sérstöðu sem Eyrarbakki hefur sem heilsteyptur byggðakjarni frá aldamótunum 1900, sem dæmi um gamalt íslenskt verslunar- og sjávarþorp þar sem húsagerðalist hefur blómstrað með sérstökum hætti og stór hluti hennar varðveist allt fram á þennan dag. Til grundvallar liggur húsakönnun og fornleifaskýrsla, sem unnar voru í tengslum við verkefnið, auk annarra gagna sem aflað hefur verið í tengslum við verkefnið.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammmi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is.

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 8.9.2021 til og með 20.10.2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 20.10.2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is.

Virðingarfyllst,
Anton Kári Halldórsson,
skipulagsfulltrúi Árborgar.

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Nýjar fréttir á hverjum degi!

Laus staða hjá Selfossveitum

Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.

Selfossveitur óska eftir starfsmanni á sviði hita- og vatnsveitu.
Starfið hefur starfsheitið *Vaktmaður* og heyrir undir verkstjóra vatns- og hitaveitu.

Ábyrgðar- og starfssvið:
Hita- og vatnsveita:
- Öll almenn störf vegna nýframkvæmda, viðhalds, reksturs og þjónustu. Verkþættir eru m.a. við:
  - Vatns- og orkuöflun
  - Rekstur dælu- og stjórnstöðvar
  - Dreifingu
  - Þjónustu
- Starfsmaður vinnur bakvaktir utan venjulegs dagvinnutíma og sinnir vaktþjónustu/bilanaþjónustu:
  - Móttaka bilanatilkynninga frá vaktkerfi og notendum. Úrvinnsla þeirra og skráning.
  - Eftirlit með rekstri veitukerfanna

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á veitustarfsemi er kostur.
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Ensku- og tölvukunnátta æskileg

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Þór Haraldsson í síma 480 1500 eða netfang sigurdur@arborg.is. Umsóknarfrestur er til 24. september 2021. Sótt er um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins http://starf.arborg.is.

SELFOSSVEITUR

Okkar maður er afreksmaður

Guðni Ágústsson

fyrrverandi ráðherra

Þegar Sigurður Ingi Jóhannsson tók við Samgönguráðuneytinu fyrir fjórum árum sagði hann við undirritaðan: „Ég ætla að brjótast út úr hringnum og hrinda í framkvæmd miklum samgöngubótum, og ekki síst ráðast að hættulegustu vegunum og slysagildrunum á þjóðvegakerfinu.“

Sú var tíðin að við Sunnlendingar áttum samgönguráðherra, Ingólf Jónsson á Hellu. Það velkist ekki fyrir neinum sem man Ingólf að hann var ráðherra sem lét að sér kveða í kjördæminu. Sigurður Ingi Jóhannsson hefur í fjögur ár staðið í sporum Ingólfs og látið verkin tala víða um land. Hvar sem við förum er verið að leggja vegi, byggja brýr, tvöfalda einbreiðar brýr og huga að jarðgangnagerð í takt við nýja tíma.

Sigurður Ingi ráðherra hefur verið eini málsvari Sunnlendinga í ríkisstjórninni í fjögur ár, mikilvirkasti þingmaður kjördæmisins, sem hefur látið hendur standa fram úr ermum á fjölmörgum vígstöðvum. Framsóknarflokkurinn sýnir styrk í skoðanakönnunum en heima í héraði formannsins þarf meiri vind í seglin fyrir minn smekk. Ég vil trúa því að niðurstaðan verði Sigurði Inga hagkvæm þegar upp úr kössunum verður talið en það, kæri Sunnlendingur, er í þínum höndum. Sigurður Ingi er okkar maður, býr ekki einasta í kjördæminu heldur ríður um héruð og þekkir það eins og lófann á sér.

Sigurður Ingi hefur rofið kyrrstöðu í samgöngumálum, og Suðurkjördæmi hefur notið krafta hans. Ég skora á Sunnlendinga að íhuga af gaumgæfni hvort Sigurður Ingi sé ekki sá frambjóðandi kjördæmisins sem fyrst og síðast beri að tryggja góða kosningu. Vegna farsællar forystu sinnar í Framsóknarflokknum, starfa sinna sem samgönguráðherra og síðast en ekki síst vegna þess hvernig hann er af mörgum talinn hafa verið límið í ríkisstjórnarsamstarfinu.

Ölfusárbrúin verður bylting

Fyrir fimmtíu árum tóku Selfyssingar að huga að nýrri brú yfir Ölfusá, og um brúarstæðið hafa þeir deilt síðan. Nú hefur Sigurður Ingi höggvið á alla hnúta og ný brú fer í útboðsferli í haust. Tvöföldun vegarins um Ölfusið stendur yfir, krossarnir undir Kögunarhól minntu okkur á hina sársaukafullu þörf fyrir þessa framkvæmd. Tveir þeirra krossa heiðruðu minningu foreldra ráðherrans sem fórust í hörmulegu bílslysi á leiðinni austur árið 1987. Ölfusveguinn nýi fer beint á nýju brúna á Efri-Laugardælaeyju sem verður 330 metra löng. Brúin verður bæði innanbæjarbrú og hraðbraut austur. Göngu- og hjólastígur verður á nýrri Ölfusárbrú og mun það auðvelda íbúum Árborgar að komast að útivistarsvæðinu í Hellisskógi.

Skógræktarfélag Selfoss vann út frá skipulaginu og plantaði ekki skógi í veglínuna. Ölfusárbrúin er nú framkvæmd sem fyrsta samvinnuverkefnið í vegagerð. Vegfarendur borga brúna með hóflegri gjaldtöku, ferðamenn og allir þeir sem um hana aka. Uppgreiðslan gerist á mjög stuttum tíma sé miðað við það verð sem ráðherra nefnir. Og svo hafa bílstjórar sem fara oft um hana afsláttarkort.

Ég bið alla Sunnlendinga frá Kúagerði austur á Höfn í Hornafirði að meðtöldum Vestmannaeyjum að rifja upp það sem er að gerast í nágrenni hvers og eins í samgöngubótum. Við þökkum Sigurði Inga Jóhannssyni hans dug og kraft á kjörtímabilinu og flestir munu vilja að hann fái glæsta kosningu áfram. Gefum honum umboð til að vinna með sama hætti næstu fjögur árin. Hann er okkar maður, stendur í fremstu víglínu meðal jafningja á hinum pólitíska velli. Áfram veginn!

Kvenfélag Dyrhólahrepps færir Grunnskólanum í Vík góða gjöf

Skólasetning Víkurskóla fór fram fimmtudaginn 26. ágúst. Að venju fjölmenntu foreldrar/forráðamenn með sínu barni/börnum. Í vetur stunda 56 nemendur nám við skólann í fimm námshópum. Skólinn fékk góða gjöf í dag þegar Kvenfélag Dyrhólahrepps færði skólanum KitchenAid hrærivél. Aldeilis góð viðbót við búnað skólans sem nýttur er til heimilisfræðikennslu. Við sendum kvenfélaginu kærar þakkir fyrir höfðinglega gjöf. Það er ánægjulegt að segja frá því að smíðakennsla fer af stað í skólanum eftir 6 ára hlé og er mikil ánægja og tilhlökkun með að það varð að veruleika. Nýtt skólaár er nýtt upphaf og skólasamfélagið horfir björtum augum fram á veginn.

Laus störf hjá EFLU

EFLA leitar að metnaðarfullu og áhugasömu starfsfólki til starfa á starfsstöð EFLU á Selfossi. Auk þess er leitað að sérfræðingi í skipulagsmálum og er það starf án staðsetningar. Öll starfsemi EFLU byggir á teymishugsun þar sem samvinna, þátttaka og samábyrgð í sterkri liðsheild eru grundvallaratriði.

SÉRFRÆÐINGUR Í ÞÉTTBÝLISTÆKNI

STARFSSVIÐ

- Mælingar og úrvinnsla þeirra
- Mæliblöð og kortagerð
- Verkefnavinna og ráðgjöf tengd þéttbýlistækni
- Líkangerð, skýrslugerð og samskipti við viðskiptavini og hagaðila

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í verkfræði, tæknifræði eða landfræði
- Reynsla af mælingum og kortagerð
- Reynsla af þéttbýlistækni eða áhugi á sérhæfingu innan fagsins
- Framúrskarandi hæfni til samskipta og samvinnu
- Góð færni í textagerð og miðlun upplýsinga
- Hæfni í ensku og þekking á Norðurlandamáli er kostur

TÆKNITEIKNARI

STARFSSVIÐ

- Mæliblöð og kortagerð
- Viðhald kortagrunna í landupplýsingakerfum
- Frágangur hönnunargagna í Autocad Civil
- Skjalastýring
- Önnur tilfallandi verkefni til aðstoðar á öðrum fagsviðum (byggingar og skipulag)

HÆFNISKRÖFUR

- Nám í tækniteiknun eða nám í samræmi við starfslýsingu.
- Kunnátta á AutoCad og Revit
- Þekking á Arc umhverfi æskileg
- Nákvæmni og auga fyrir smáatriðum
- Jákvæðni og framúrskarandi samskipta- og samstarfsfærni
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði

SÉRFRÆÐINGUR Í SKIPULAGSMÁLUM

STARFSSVIÐ

- Samskipti við viðskiptavini og aðra hagaðila
- Þróun og sókn skipulagsráðgjafar
- Fjölbreytt og sérhæfð verkefni á sviði skipulagsmála

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Réttindi til framsetningar skipulags er kostur
- Reynsla og vilji til að stýra verkefnum tengd skipulagsmálum
- Afburða hæfni til samskipta og samvinnu
- Nákvæmni, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Góð færni í textagerð og miðlun upplýsinga

Umsóknum, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum ráðningarvef EFLU, efla.is/laus-storf fyrir 20. september 2021.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Daníelsson, svæðisstjóri hjá EFLU Suðurlandi (olafur.danielsson@efla.is).

EFLA vill fá til liðs við sig kraftmikið, jákvætt og metnaðarfullt starfsfólk sem skarar fram úr á sínu sviði. Við vinnum fjölbreytt verkefni í teymum þvert á svið og svæði. Við bjóðum upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og góðan starfsanda.

412 6000 efla.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

EFLA

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TIL LEIGU

Góð íbúð til leigu
Til leigu er góð 4ra herbergja íbúð á Selfossi, á besta stað miðsvæðis, nærri skólum. Er laus í dag. Uppl. í síma 864 1275.

BÍLAR

KLETTUR ehf
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
HEKLA
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

Krani & tæki
Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa
Öll almenn jarðvegsvinna og flutningar
Diddi S. 861 4966
Elli S. 861 6700
fredi@simnet.is

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944 - dfs@dfs.is

TUNGUMÁL

Enskukennari
Óska að ráða enskukennara. Ég borga ótrúlega vel. En þetta mál er svo gott að mál gerast ekki betri. Uppl. í síma 483 3568.

Af samgöngumálum í Bláskógabyggð

Helgi Kjartansson
oddviti Bláskógabyggðar.

Mikill hátíðardagur var í Bláskógabyggð í síðustu viku þegar Reykjavegurinn var vígður við hátíðlega athöfn. Um mikla samgöngubót er að ræða sem tengir sveitarfélagið og uppsveitirnar betur saman en vegurinn liggur á milli Laugarvatnsvegar og Biskupstungnabrautar. Endurbætur á veginum hafa í nokkra áratugi verið mikið baráttumál heimamanna og því er það sérstaklega ánægjulegt að þessum áfanga skuli loksins vera náð. Fyrir þessa samgöngubót ber að þakka.

Mikil og þung umferð er alla daga ársins um alla vegi í Bláskógabyggð. Mikil uppbygging er víðsvegar í sveitarfélaginu, sérstaklega í ferðaþjónustunni, ferðamönnum mun fjölga í náinni framtíð með auknu álagi á samgöngukerfið. Stóru ferðamannastaðirnir Þingvellir, Geysir og Gullfoss munu um ókomna framtíð laða til sín ferðamenn. Við þurfum að halda áfram að byggja upp og bæta samgöngukerfið. Við megum alls ekki slaka á, haldur verður að halda áfram að sinna viðhaldi og fara í nýframkvæmdir.

Mörg stór og brýn samgönguverkefni eru framundan í Bláskógabyggð og má þar m.a nefna færslu Biskupstungnabrautar suður fyrir Geysi, veginn um Eystri-Tunguna (Einholtsvegur) þarf að byggja upp og leggja á bundið slitlag og uppbygging Kjalvegar þarf að halda áfram. Öll þessi samgönguverkefni þarf að ráðast í sem fyrst. Færsla Biskupstungnabrautar suður fyrir Geysi og uppbygging Kjalvegar þarf að fara í umhverfismat, mikilvægt er að hefja það ferli sem allra fyrst því sú vinna er tímafrek.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 12. september kl. 20:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, prestur Gunnar Jóhannesson. Sunnudagaskóli kl. 11:00, umsjón Sjöfn Þórarinsdóttir ásamt leiðtogum.

Stokkseyrarkirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 12. september kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestar Gunnar Jóhannesson.

Hveragerðiskirkja
Samverustund vegna 14. september í Hveragerðiskirkju 10. september er alþjóðadagur sjálfsvígsforvarna. Af því tilefni verður samverustund þriðjudaginn 14. september kl. 20:00 í Hveragerðiskirkju. Umsjón með stundinni hafa prestar í Hveragerðis-, Þorlákshafnar- og Árborgarprestakalli. Eva Harðardóttir aðstandandi miðlar reynslu sinni, fulltrúi frá Pieta segir frá samtökunum. Unnur Birna Björnsdóttir annast tónlistina. Kveikt verður á kertum í minningu látinna ástvina. Stundin er öllum opin og að henni lokinni gefst fólki tækifæri til að eiga samfélag yfir kaffibolla í safnaðarheimilinu.

Skálholtsdómkirkja
Guðsþjónusta kl. 11.00. Sr. Axel Á. Njarðvík annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason. Verið velkomin.

Þorlákskirkja
Sunnudagurinn 12. sept 2021. Guðsþjónusta kl. 11:00. Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur prédikar og setur sr. Sigríði Mundu Jónsdóttur inn í embætti. Kór Þorlákskirkju leiðir safnaðarsöng undir stjórn Esterar Ólafsdóttur organista.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 11. september. Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Elías Theodórsson verður með ræðu. Verið velkomin.

Flóaskóli

Flóaskóla vantar kennara í textíl – ert þú á lausu?

Vegna forfalla auglýsir Flóaskóli eftir kennara í textíl sem fyrst. Skólinn er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, sem er í 15 - 20 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi. Í skólanum eru 116 nemendur í 1. – 10. bekk og 32 starfsmenn.

Við Flóaskóla starfar öflugur og metnaðarfullur hópur fólks sem vinnur samhent að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi vinnuumhverfi, hlúa vel að nemendum og stuðla að því að þeir nái að vaxa og dafna í námi og starfi. Í Flóaskóla leggjum við áherslu á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og öfluga stoðþjónustu. Við vinnum samkvæmt hugmyndafræðinni „Uppeldi til ábyrgðar" og vinnum markvisst með samskipti og líðan nemenda. Auk þess er lögð áhersla á umhverfis- og útikennslu og er Flóaskóli þátttakandi í Grænfánaverkefninu.

Við leitum að:
- Kennara í textíl – 50% starf

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Grunnskólakennari, uppeldismenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi, leyfisbréf grunnskólakennara
- Skipulögð vinnubrögð og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Þekking á „Uppeldi til ábyrgðar" er æskileg

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri í síma 771 8342.

Umsóknarfrestur er til og með 22. september 2021. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið: gunnlaug@floaskoli.is.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar :

1. **Breyting á skilmálum fyrir frístundasvæði – Aðalskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 5. ágúst 2021 að kynna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Tilgangur breytinganna er endurbót á reglum er varðar hámarksbyggingarmagn innan frístundalóða sem falla utan þess að vera á bilinu 5-10.000 fm. að stærð. Í tillögunni felst að breyting er gerð á kafla 3.2.3 þar sem fyrir breytingu segir:
   „Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu 1/2 - 1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Í ákveðnum tilfellum geta frístundalóðir þó verið minni og nýtingarhlutfall allt að 0,05."
   Þar segir einnig:
   „Stærð aukahúss/gestahúss getur verið allt að 40 fm og geymslu allt að 15 fm. Þessar byggingar teljast með í heildarbyggingarmagni lóðar."
   Eftir breytingu mun ákvæði í kafla 3.2.3, frístundabyggð, sem varðar lóðarstærðir og byggingarmagn vera eftirfarandi:
   „Lóðarstærðir á frístundahúsasvæðum skulu að jafnaði vera á bilinu 1/2 - 1 ha (5.000 - 10.000 fm). Í ákveðnum tilfellum, sérstaklega í eldri hverfum sem skipulögð voru fyrir gildistöku núgildandi aðalskipulags, geta frístundalóðir þó verið minni. Nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03 nema á lóðum sem eru minni en 1/3 ha að stærð en þar er leyfilegt byggingarmagn 100 fm. Stærð aukahúss/gestahúss getur verið allt að 40 fm og geymslu allt að 15 fm. Þessar byggingar teljast með í heildarbyggingarmagni lóðar."

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

2. **Torfastaðir 1 L170828; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. september 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Torfastaða 1, L170828. Í tillögunni felst að landnotkun á um 25 ha svæði innan jarðar Torfastaða er breytt úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana :

3. **Apavatn 2 L167621, Aphóll – Frístundabyggð F19 – Deiliskipulag**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 5. ágúst 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis við Aphól í landi Apavatns 2. Deiliskipulagstillagan nær yfir 27,25 ha lands norðan við og samsíða Apá í Bláskógabyggð.

4. **Efriás L230349 – Deiliskipulag**
   Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. ágúst 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til lóðar Efriás, L230349. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir byggingu íbúðarhúss, þriggja gestahúsa og útihúss/skemmu.

5. **Urriðafoss L166395; Náma; Deiliskipulag**
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. ágúst 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til námu merkta E7 á aðalskipulagi Flóahrepps. Í deiliskipulaginu er skilgreint efnistökusvæði, áfangaskipting vinnslu og frágangur innan svæðisins.

6. **Vaðnes. 3.áfangi; Mosabraut 27; Ný lóðamörk og breyting á leik- og útivistarsvæði; Deiliskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. ágúst 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundabyggðar að Vaðnesi. Í breytingunni felst breytt lega lóðar Mosabrautar 27 og breytingu á leik- og útivistarsvæði þar sem gert er ráð fyrir skilgreiningu nýrrar lóðar á hluta svæðisins.

7. **Útivistarsvæði Borg í Grímsnesi; Ú7; Deiliskipulag**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. ágúst 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til útivistarsvæðis við Borg í Grímsnesi. Svæðið sem um ræðir er tæplega 19 ha að stærð og er ofan við núverandi byggð. Markmið skipulagsins er að skapa skjólgott útvistarsvæði með göngustígum, áningarstöðum og trjálundum til skjóls. Gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir aðstöðuhús.

8. **Mið- og Árhraunsvegur L225283; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. ágúst 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi að Kílhrauni. Í breytingunni felst að heimilt verði að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús allt að 70 fm í stað 25 fm samkvæmt núverandi skilmálum.

9. **Dalabyggð; Stækkun frístundasvæðis; Deiliskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. ágúst 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi að Dalabyggð. Í breytingunni felst fjölgun lóða innan svæðisins.

10. **Hrosshagi 5 L228433; Hrosshagi 5b; Smábýli; Deiliskipulag**
    Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. september 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til lands Hrosshaga 5, L228433. Í deiliskipulaginu felst að landinu er skipt upp í tvær landeignir þar sem m.a. er gert ráð fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsum, úthúsum, hesthúsum og gestahúsum.

11. **Öndverðarnes 2 L170117; Deiliskipulag**
    Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. september 2021 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til lóðar í landi Öndverðarnesi II. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda á 11.600 fm sumarhúsalóð. Gert er ráð fyrir að byggja megi að hámarks nýtingarhlutfalli lóðar 0,03, eitt sumarhús og gestahús allt að 40 fm.

12. **Minni-Borg lóð B L198597; Byggingarreitur; Aðstöðuhús; Deiliskipulagsbreyting**
    Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. september 2021 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Minni-Borgar lóð B, L198597. Í breytingunni felst að skilgreindur er 600 fm byggingarreitur þar sem gert er ráð fyrir 130 fm aðstöðuhúsi/starfsmannahúsi fyrir starfsmenn Minniborga ehf.

13. **Borg í Grímsnesi; Íbúðabyggð; Deiliskipulag**
    Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. september 2021 að auglýsa tillögu heildar endurskoðunar deiliskipulags þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Á síðustu árum hefur atvinnutækifærum fjölgað í Grímsnes- og Grafningshreppi og er það forsenda fyrir áframhaldandi uppbyggingu þéttbýlisins á Borg. Mikil ásókn hefur verið í nýjar lóðir og með nýju deiliskipulagi áformar sveitarfélagið að mæta vaxandi eftirspurn eftir íbúðarlóðum með áherslu á fjölbreytni í íbúðastærðum og húsagerðum. Einnig hafa verið unnar ýmsar lagfæringar á lóðamörkum, stígakerfi, byggingaskilmálum og fleiru vegna breyttra aðstæðna og nýrri og nákvæmari kortagagna.

14. **Sunnuhlíð íbúðarbyggð; Breytt afmörkun lóðar og stofnun lóða; Deiliskipulagsbreyting**
    Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. september 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Sunnuhlíðar. Í breytingunni felst að afmörkun þriggja lóða á tanganum, syðst á deiliskipulagssvæðinu, er breytt til samræmis við afmörkun jarðarinnar sem nær út í miðja Litlu-Laxá og eru skipulagsmörk aðlöguð að lóðarmörkum. Einnig er afmörkun þessara þriggja lóða breytt og gert ráð fyrir tveimur minni lóðum sem eru flokkaðar sem B - Einbýlishús á 1 hæð. Vegtenging 3 er framlengd til suðurs til að ná inn á allar þær þrjár lóðir sem er verið að breyta. Aðrir skilmálar deiliskipulagsins haldast óbreyttir.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

15. **Reiðvegur með Reykjavegi; Aðalskipulagsbreyting – 2108060**
    Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. ágúst 2021 óverulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst breytt skilgreining reiðvegar meðfram Reykjavegi. Lega reiðleiðar er færð austan megin við Reykjaveg að ánni Fullsæl.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is . Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: https://www.asahreppur.is/ , https://www.blaskogabyggd.is/ , https://www.floahreppur.is/, https://www.fludir.is/, https://www.gogg.is/ og https://www.skeidgnup.is/

Mál nr. 1 innan auglýsingar er aðalskipulagsbreyting í kynningu með athugasemdafresti til 1. október 2021. Mál nr. 2 - 14 eru auglýst frá 8. september 2021 til og með 22. október 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 22. október 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2614 Miðvikudagur 8. sept. 2021

Gunnar segir möguleg tengsl steinskips við Njálu

Bátlaga steinn eða steinskip sem finna má í svokölluðu Dalahrauni hefur vakið athygli ferðafólks, og annarra, meðal annars Gunnars frá Heiðarbrún. Margar tilgátur eru um steinskipið en í grein Morgunblaðsins um málið lét Þórður í Skógum hafa eftir sér að fundurinn sé merkasti fornleifafundur hér á landi það sem af er 21. öldinni. Þarna sé komið svokallað Naglfar sem á ættir sínar að rekja í ásatrú fyrri alda. Fleiri hafa sínar tilgátur um málið, allt frá því að vera viti sem knúinn var af lýsi, landamerkjasteinn eða sem brynningarílát fyrir fé. Sú tilgáta er reyndar talin falla um sjálfa sig þar sem lækur rennur í nágrenninu. Við höfðum samband við Gunnar frá Heiðarbrún, sem velt hefur málefnum svæðisins fyrir sér í langan tíma og fengum hans álit í málinu, í samtali við Gunnar kom upp sá möguleiki að steinskipið tengdist Njálu.

Myndina tók Jónas Erlendsson.

Aldursgreining mikilvæg, en kannski ómöguleg

Aðspurður um hvað þarna hefði komið upp úr jörðinni segir Gunnar hæpið að fullyrða nokkuð um það. „Það er hæpið að fullyrða eitthvað um það fyrr en búið er að aldursgreina steinþróna, ef það er þá hægt. Nú þurfa fornleifafræðingar að rannsaka svæðið í þeirri von að þarna finnist eitthvað sem tengist þessu. Öskulög í jarðlögum eru þekkt hvað aldur snertir og ef þau finnast hjá steinskipinu, þá gæti það gefið sterka vísbendingu um aldurinn.“ Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands segir að til standi að gera frekari rannsóknir, en efast um að hægt verði að tímasetja aðgerðina. Þá segir Gunnar að það þurfi að kanna betur hvort þarna finnist hleðslur eða aðrar tóftir sem tjalda hafi mátt yfir sem gefa vísbendingar um hvort þarna hafi verið einhverskonar híbýli.

Stórmerkur fundur sé steinninn frá landnáms- eða söguöld

Aðspurður um hvað Gunnari þyki áhugaverðast við fundinn segir Gunnar: „Sé það niðurstaða vísindamanna, að steinninn sé það forn að hann geti verið frá landnáms- eða söguöld, þá er hér um stórmerkan fund að ræða. Mér er sagt að steinþróin sé úr blágrýti og miðað við þau verkfæri sem þá voru til, þá hefur mikill hugmóður legið að baki þeim verknaði að höggva bollann í steininn og það gjört í ákveðnum tilgangi.“

Galdra-Héðinn mögulega notað kerið

Gunnar er þekktur fyrir áhuga sinn og þekkingu á Njálu. Hann hefur gert tilraun til þess að komast að því með nokkuð áhugaverðum hætti hver sé höfundur Njálu í bók sinni *Höfundur Njálu*. Við getum því ekki sleppt því að spyrja Gunnar hvort ílátið hafi einhverja tengingu inn í Njálu. „Sé steinskipið frá fyrrnefndum tíma, þá hefur staðsetning þess talsverða tengingu við Njálu. Þegar verið var að troða inn á okkur þeirri arabatrú sem kölluð er kristni, laust fyrir árið 1000, þá leituðu menn hins forna átrúnaðar („Ásatrúarmenn“) til Galdra-Héðins bónda í Kerlingardal. „Hann fór upp á Arnarstakksheiði og efldi þar blót mikið,“ segir í Njálu. Varla fer karlinn að fremja heiðna stórathöfn, á öðrum stað en þeim þar sem hann mátti nota „hlautkerald,“ þ.e. ílát sem tekið gat við blóði fórnardýrs eða dýra, hvort sem það voru hestar, svín eða uxar. Fagradalsheiði, þar sem steinþróin er, og Arnarstakksheiði liggja saman og því kynni það að vera óljóst í huga Njáluhöfundar, á hvorri heiðinni efnt var til blótsins, segir Gunnar. Vangaveltur halda vafalítið eitthvað áfram, en von er til þess að við færumst nær sannleikanum þegar sérfræðingar hafa lagt sitt mat á fundinn og gert honum nokkur skil með vísindalegum hætti.

-gpp

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

D•H BÓKHALD
Bókhaldsþjónusta
Skattskil
Stofnun fyrirtækja
Framtöl og ársreikningar
Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

TAXI
VIÐ ÖKUM YKKUR HVERT SEM ER.
H.R. TAXI SELFOSS
SÍMI 482 1333

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Jiiibbiii Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

ÖKUSKÓLI SUÐURLANDS
Meirapróf í fjarnámi hefst 16. sept. á netinu
okuskoli.is - thrainn@okuskoli.is - 892 9594

Josera
BRAGÐ AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

HREINGERINGA-þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is